

FMS 2019-37
ISBN 978-9935-9478-5-7
ISSN 2547-8060



FERÐA
MÁLA
STOFA
ICELANDIC
TOURIST
BOARD 

FERÐAMÁLARANNSÓKNIR TOURISM RESEARCH IN ICELAND

NÓVEMBER 2019

Viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu 2018 - Stykkishólmur

Eyrún Jenný Bjarnadóttir



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA

© Ferðamálastofa 2019

Útgefandi: Ferðamálastofa - Geirsgötu 9, 101 Reykjavík / Hafnarstræti 91, 600 Akureyri
Netfang: upplýsingar@ferdamalastofa.is
Veffang: www.ferdamalastofa.is

Titill: Viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu 2018 - Stykkishólmur
Höfundur: Eyrún Jenný Bjarnadóttir

Kápa: Porthönnun

Númer: FMS 2019-37
ISBN: 978-9935-9478-5-7
ISSN: 2547-8060

Öll réttindi áskilin. Skýrsluna má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Efnisyfirlit

Inngangur.....	1
Aðferðir og framkvæmd	3
Stykkishólmur	6
Ferðamannabærinn Stykkishólmur - frá sjónarhóli íbúa.....	8
Viðhorf til fjölda ferðamanna	10
Áhrif á daglegt líf heimamanna	11
Áhrif á efnahag, atvinnulíf og þjónustu	13
Áhrif á samfélagið	16
Hvað er jákvæðast við ferðaþjónustu í Stykkishólmi?.....	19
Hvað er jákvæðast við ferðaþjónustu í þinni heimabyggð? – Allir staðir.....	20
Hvað er neikvæðast við ferðaþjónustu í Stykkishólmi?	21
Hvað er neikvæðast við ferðaþjónustu í þinni heimabyggð? – Allir staðir	22
Eykur ferðaþjónusta bjartsýni og hafa íbúar eitthvað um þróun hennar að segja?	23
Samantekt.....	24
Umræður og lokaorð – Allir staðir.....	25
Niðurstöður símakönnunar í Stykkishólmi– tíðnitöflur og bakgrunnsgreining	28
Niðurstöður símakönnunar: Samanburður á Egilsstöðum, Húsavík, í Reykjanesbæ og Stykkishólmi	70
Viðtalsrammi rannsóknar – Allir staðir	84
Spurningalisti símakönnunar – Allir staðir.....	85

INNGANGUR

Í þessari samantekt er gerð grein fyrir niðurstöðum könnunar á viðhorfum heimamanna í Stykkishólmi til ferðamanna og ferðaþjónustu sem fór fram haustið 2018. Ferðamennska og ferðaþjónusta geta haft margvísleg menningarleg og félagsleg áhrif á samfélag heimamanna, sem aftur getur hefur áhrif á viðhorf fólks til atvinnugreinarinnar. Ljóst er að þegar staður umbreytist í áfangastað ferðamanna hefur það áhrif á líf íbúa¹. Því hafa þeir sem rannsaka félagsleg áhrif ferðaþjónustu og ferðamennsku gjarnan beint sjónum sínum að lífsgæðum íbúa en áhrifin geta verið margbreytileg^{2;3;4;5}. Þá hefur einnig verið sýnt fram á að staðbundin einkenni hvers staðar og samfélags geta haft áhrif á viðhorf íbúa⁶. Rannsóknir fræðimanna hafa ítrekað sýnt fram á mikilvægi þess að heimamenn séu hafðir með í ráðum þegar kemur að uppbyggingu og þróun ferðaþjónustu og að velvilji þeirra sé mikilvægur liður í sjálfbærri þróun greinarinnar⁷. Því er áriðandi að vel sé fylgst með viðhorfum íbúa og skynjun þeirra á áhrifum ferðamennsku í samfélagi þeirra⁸.

Kannanir á viðhorfum Íslendinga til ferðaþjónustu og ferðamennsku hafa farið fram með reglubundnum hætti frá árinu 2014. Í þessum könnunum eru áhrifin skoðuð ýmist á landsvísu eða í einstökum bæjarfélögum og tengjast markmiði stjórnvalda um að hugað verði að því að tryggja áfram jákvætt viðhorf landsmanna til ferðaþjónustu⁹. Tvær kannanir hafa verið gerðar á landsvísu á viðhorfum Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu; sú fyrri árið 2014¹⁰ og sú síðari síðla árs 2017¹¹. Á árunum 2015 og 2016 voru gerðar tvær tilviksrannsóknir innan einstakra samfélaga



Frá Stykkishólmi

¹ Kim, K., Uysal, M. og Sirgy, M.J. (2013). How does tourism in a community impact the quality of life of community residents?. *Tourism Management*, 36, 527-540. doi: 10.1016/j.tourman.2012.09.005

² Almeida-García, F., Balbuena-Vázquez, A. og Cortés-Macías, R. (2015). Residents' attitudes towards the impacts of tourism. *Tourism Management Perspectives*, 13, 33-40. <https://doi.org/10.1016/j.tmp.2014.11.002>

³ Sharpley, R. (2014). Host perceptions of tourism: A review of the research. *Tourism Management*, 42, 37-49. <https://doi.org/10.1016/j.tourman.2013.10.007>

⁴ Deery, D., Jago, L. og Fredline, L. (2012). Rethinking social impacts of tourism research: A new research agenda. *Tourism Management*, 33, 64-73. <https://doi.org/10.1016/j.tourman.2011.01.026>

⁵ Rastegar, R. (2019). Tourism development and conservation, do local resident attitudes matter?. *International Journal of Tourism Sciences*, 19(3), 181-191. <https://doi.org/10.1080/15980634.2019.1663998>

⁶ Tosun, C. (2002). Host perceptions of impacts: A comparative tourism study. *Annals of Tourism Research*, 29(1), 231-253. doi: 10.1016/S0160-7383(01)00039-1

⁷ Cheer, J.M., Milano, C. og Novelli, M. (2019). Tourism and community resilience in the Anthropocene: accentuating temporal overtourism. *Journal of Sustainable Tourism*, 27, 554-572. <https://doi.org/10.1080/09669582.2019.1578363>

⁸ Prayag, G., Hosany, S., Nunkoo, R. og Alders, T. (2013). London residents' support for the 2012 Olympic Games: the mediating effect of overall attitude. *Tourism Management*, 36, 629-640. <https://doi.org/10.1016/j.tourman.2012.08.003>

⁹ Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. (2015). *Vegvísir ferðaþjónustu*. Reykjavík: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Samtök ferðaþjónustunnar.

¹⁰ Edward H. Huijbens og Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2015). *Viðhorf Íslendinga til ferðafólks og ferðaþjónustu. Greining könnunar meðal Íslendinga í október 2014. Unnið fyrir Ferðamálastofu*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

¹¹ Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Ásdís A. Arnalds og Anna Soffía Víkingsdóttir. (2018). *Því meiri samskipti – því meiri jákvæðni. Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu 2017*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

á Íslandi. Árið 2015 var unnin tilviksrannsókn á Ísafirði, Húsavík, Hellu og 101 Reykjavík¹². Tekin voru viðtöl við íbúa en auk þess voru gerðar vettvangsathuganir. Árið 2016 var svo gerð rannsókn á Siglufirði, Mývatnssveit og Höfn í Hornafirði¹³. Í gagnaöflun var notast við blandaðar rannsóknaraðferðir, annars vegar með hálfopnum viðtölum við íbúa, sem byggðu á viðtalsramma rannsóknar Háskólans á Hólum frá því 2015 og hins vegar með spurningakönnun meðal íbúa.

Viðhorf heimamanna í einstökum samfélögum á Íslandi 2018

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið fól Rannsóknamiðstöð ferðamála að kanna áhrif ferðaþjónustu og ferðamanna á íbúa á einstökum svæðum á Íslandi haustið 2018. Um var að ræða tilviksrannsókn sem unnin var í fjórum bæjarfélögum sem valin voru í samráði við Ferðamálastofu. Bæjarfélögin voru Egilsstaðir, Húsavík, Reykjanesbær og Stykkishólmur. Við staðarval var skýrsla ferðamálaráðherra um þolmörk ferðamennsku¹⁴ höfð til hliðsjónar ásamt niðurstöðum landskönnunar Rannsóknamiðstöðvar ferðamála á viðhorfum íbúa til ferðamanna og ferðaþjónustu 2017¹⁵. Viðhorf íbúa til ferðamanna og ferðaþjónustu hafa ekki verið könnuð áður á þessum stöðum nema á Húsavík en þar fór fram rannsókn á félagslegum áhrifum árið 2015¹².

Kynning rannsókna, aðferðafræði og niðurstöður eru birtar í samantektarskýrslu fyrir hvern og einn stað en þær eru allar settar fram á sambærilegan hátt. Á eftir greinargerð um framkvæmd og aðferðir rannsókna eru staðhættir og ferðamennska í viðkomandi bæjarfélagi kynnt áður en greint er frá niðurstöðunum. Í þessari samantekt er gerð grein fyrir niðurstöðum könnunarinnar í Stykkishólmi. Niðurstöður símakönnunarinnar eru eftir atvikum bornar saman við niðurstöður landskönnunar 2017 almennt og einnig sérstaklega við niðurstöður fyrir Vesturland en þær byggja á svörum íbúa á svæði Markaðsstofu Vesturlands í landskönnuninni. Einnig er í einstaka tilfellum samanburður við hin bæjarfélögin þrjú sem könnuð voru haustið 2018. Framkvæmd og úrvinnsla hrágagna símakönnunar var í höndum Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri en viðtöl, greining, skýrsluvinnsla og verkefnastjórn var í höndum Rannsóknamiðstöðvar ferðamála. Gagnasafninu frá



Við Stykkishólmshöfn og Súgandisey í baksýn

símakönnuninni var skilað til Ferðamálastofu sem gerir þau aðgengileg í Mælaborði ferðaþjónustunnar. Aftast í þessari samantekt er að finna tíðnitöflur og bakgrunnsgreiningu fyrir hverja spurningu í könnuninni í Stykkishólmi. Þar er einnig að finna töflur með niðurstöðum úr hverri spurningu símakönnunarinnar með samanburði milli bæjarfélaganna fjögurra.

Höfundur vill færa öllum þeim sem veittu upplýsingar og aðstoðuðu við gerð þessarar rannsóknar þakki fyrir gott samstarf. Sérstakar þakki fá heimamenn í Stykkishólmi fyrir góðar undirtektir í viðtölum og símakönnun og fyrir að gefa sér tíma til þess að taka þátt í rannsókninni. Sérstakar þakki fá heimamenn í Stykkishólmi, Reykjanesbæ, á Húsavík og Egilsstöðum fyrir góðar undirtektir í viðtölum og símakönnun og fyrir að gefa sér tíma til þess að taka þátt í rannsókninni.

¹² Guðrún Helgadóttir, Anna Vilborg Einarsdóttir, Jóhanna María Elena Matthíasdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Georgette Leah Burns. (2016). *Félagsleg áhrif ferðamennsku og ferðaþjónustu*. Reykjavík: Ferðamálastofa.

¹³ Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Arnar Þór Jóhannesson og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. (2016). Greining á áhrifum ferðaþjónustu og ferðamennsku í einstökum samfélögum. Höfn, Mývatnssveit og Siglufjörður. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

¹⁴ *Skýrsla ferðamála-, iðnaðar-, og nýsköpunarráðherra um þolmörk ferðamennsku*. Lögð fyrir Alþingi á 148. löggjafarþingi 2017-2018. Sótt 24. apríl 2019, af <http://www.althingi.is/altext/pdf/148/s/0717.pdf>.

¹⁵ Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Ásdís A. Arnalds og Anna Soffía Víkingsdóttir. (2018). *Því meiri samskipti – því meiri jákvæðni. Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu 2017*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

AÐFERÐIR OG FRAMKVÆMD

Rannsóknin sem hér um ræðir er tilviksrannsókn í fjórum bæjarfélögum þ.e. Egilsstöðum, Húsavík, Reykjanesbæ og Stykkishólmi. Gagna var annars vegar aflað með viðtölum við íbúa og hins vegar með spurningakönnun sem var lögð fyrir úrtak íbúa gegnum síma. Sömu aðferðum var beitt í öllum bæjarfélögum fjórum. Spurningakönnunin var lögð fyrir samtímis á öllum stöðum en viðtölin fóru fram á einum stað í einu. Tekið skal fram að allar upplýsingar sem koma fram um aðferðir og framkvæmd gagnaöflunar fyrir rannsóknina í heild sinni eru, eðli málsins samkvæmt, eins í öllum samantektarskýrslunum. Fyrst verður gerð grein fyrir framkvæmd spurningakönnunarinnar og síðan framkvæmd viðtala.

Spurningakönnun (símakönnun)

Í símakönnun voru spurningar lagðar fyrir íbúa í bæjarfélögum fjórum um viðhorf þeirra til ferðamanna og ferðaþjónustu. Spurningalistinn er í grunninn sá sami og lagður var fyrir í landskönnun 2017 sem gefur tilefni til samanburðar á landsvísu og á landshlutavísu. Þó voru nokkrar spurningar úr landskönnun lagðar til hliðar þar sem ekki þótti ástæða til að leggja þær fyrir á svæðisbundna vísu. Þess í stað voru settar inn nýjar spurningar til prófunar til að kanna gildi þess að leggja þær fyrir á landsvísu¹⁶.

Símakönnunin var gerð samtímis á öllum stöðunum á tímabilinu 8. nóvember til 2. desember 2018. Lagt var upp með að fá 400 svör á hverjum stað en í úrtakinu voru 3.697 einstaklingar og fengust alls 1.481 svör (svarhlutfall 40%). Í Stykkishólmi var aðeins hægt að fá 582 manna úrtak og ljóst frá upphafi að ekki væri raunhæft að ná 400 svörum. Því var ákveðið að ná eins mörgum svörum í Stykkishólmi og hægt var innan tímaramma könnunarinnar og varð fjöldi svara 270. Í töflunni hér til hliðar má sjá úrtak og bakgrunn svarenda símakönnunarinnar í Stykkishólmi.


Úrtak og bakgrunnur svarenda símakönnunar

Stykkishólmur		Fjöldi	Hlutfall
	Úrtak	582	
	Fjöldi svara	270	46%
Kyn	Karlar	145	54%
	Konur	124	46%
Aldur	18-29	20	7%
	30-44	56	21%
	45-59	86	32%
	60+	111	41%
Menntun	Grunnskólanám eða minna	58	22%
	Stúdentsprófeða iðnnám	106	39%
	Annað starfsnám	11	4%
	Háskólapróf	88	33%
Lengd búsetu í Stykkishólmi	5 ár eða skemur	47	17%
	6-10 ár	14	5%
	11-20 ár	26	10%
	21-30 ár	35	13%
	Lengur en 30 ár	148	55%
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	143	53%
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	46	17%
	Í námi	4	2%
	Á eftirlaunum	62	23%
	Annað	15	5%
Starfar þú við ferðaþjónustu?	Já	54	20%
	Nei	213	79%
Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðaþjónustu?	Já	118	44%
	Nei	88	33%

¹⁶ Hluti nýrra spurninga varð til í samstarfi Rannsóknamiðstöðvar ferðamála við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði og Félagsvísindastofnun í tilefni rannsóknar á félagslegum þörmörkum íbúa á Suðurlandi gagnvart ferðamönnum og ferðaþjónustu sumarið 2018. Rannsóknin var unnin fyrir Samtök sunnlesskra sveitarfélaga. Sjá

nánnar: Þorvarður Árnason og Arndís Lára Kolbrúnardóttir. (2019). *Nýr veruleiki í mótun? Rannsókn vegna áhrerluverkefnis SASS „Félagsleg þörmörk íbúa á Suðurlandi gagnvart ferðamönnum og ferðaþjónustu“*. Hornafirður: Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði.

Um 20% svarenda í Stykkishólmi sögðust starfa í ferðaþjónustu en 34% svarenda í Stykkishólmi höfðu sjálfir eða einhver á heimilinu tekjur af ferðamönnum hluta úr ári eða allt árið. Hlutfall svarenda með engar heimilistekjur af ferðamönnum var svipað í öllum bæjarfélögum fyrir utan Egilsstaði þar sem hlutfallið var langhæst.



Gögnin úr símakönnuninni voru greind með þeirri tölfræði sem er viðeigandi fyrir hverja og eina spurningu og marktektarpróf gerð til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Gögnin voru greind með tilliti til nokkurra bakgrunnspáttá. Þeir eru: kyn, aldur, menntun, búseta, lengd búsetu á viðkomandi svæði, staða á vinnumarkaði, hvort svarandi starfi við ferðaþjónustu og hvort hann geti hugsað sér að starfa við hana. Í samantektarskýrslunni eru niðurstöður settar fram á myndrænan hátt fyrir Stykkishólm og settar í samhengi við niðurstöður úr landskönnun eða við samanburð við hin bæjarfélög þrjú.

Viðtöl

Í öllum bæjarfélögum voru tekin hálfstöðluð einstaklingsviðtöl við íbúa sem valdir voru með hentugleikaúrtaki. Markmiðið var að taka að minnsta kosti 5 viðtöl á hverjum stað eða 20 viðtöl í heildina. Viðtölin urðu alls 24 og var rætt við 12 karla og 12 konur. Í viðtölunum var lögð áhersla á að fá fram reynslu og upplifun viðmælenda af ferðamönnum og ferðaþjónustu í þeirra daglega umhverfi. Með viðtölunum er leitað eftir ítarlegri upplýsingum og dýpri skilningi á viðhorfum og upplifun íbúa en hægt er að ná fram með megindlegri spurningakönnun. Viðtölin varpa þannig ljósi á mikilvægi tiltekinna áhrifaþátta og hvernig íbúarnir bregðast við þeim. Hafa ber í huga að viðtöl sem þessi hafa ekki alhæfingargildi fyrir niðurstöður rannsóknarinnar heldur dýpka þau skilning á niðurstöðum spurningakönnunarinnar á hverjum stað^{17;18}. Hins vegar gefa viðtölin mynd af því hvernig viðmælendur færðu í orð upplifanir sínar á ferðaþjónustu og ferðamennsku og hvaða skilning þeir lögðu í þessi atriði á þeim tíma sem viðtölin fóru fram.

Sami spurningarammi var notaður á öllum svæðunum fjórum en hann var í grunninn sá sami og notaður var í rannsókn Rannsóknamiðstöðvar ferðamála sem gerð var 2016 í Mývatnssveit, á Siglufirði og á Höfn í Hornafirði¹⁹. Áhersla var lögð á að ná til einstaklinga 18 ára og eldri sem höfðu fasta búsetu á viðkomandi svæði og höfðu ferðaþjónustu ekki endilega að aðalstarfi því rannsóknir hafa sýnt að þeir sem hafa tekjur af ferðaþjónustu eru að jafnaði jákvæðari í garð greinarinnar en aðrir íbúar^{20;21}. Til að nálgast viðmælendur var farið í gegnum svokallaða lykilmenn eða tengiliði ýmist á svæðunum eða sem höfðu tengsl við svæðin og höfðu það hlutverk að koma með ábendingar um hugsanlega viðmælendur sem uppfylltu ofangreind skilyrði.

Símanúmera var aflað gegnum upplýsingavefinn Já þar sem hægt er að nálgast skráð símanúmer einstaklinga. Notast var við Excel töflureikni til að raða nöfnunum upp á handahófskenndan hátt. Samband var haft við einstaklinga samkvæmt

¹⁷ Sigurlína Davíðsdóttir og Anna Ólafsdóttir. (2016). Notkun blandaðra aðferða í rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 393-402). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

¹⁸ Veal, A.J. (2006). *Research Methods for Leisure and Tourism. A Practical Guide*. Essex: Pearson Education Limited.

¹⁹ Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Arnar Þór Jóhannesson og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. (2016). Greining á áhrifum ferðaþjónustu og ferðamennsku í einstökum samfélögum. Höfn, Mývatnssveit og Siglufjörður. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála

²⁰ Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Ásdís A. Arnalds og Anna Soffía Víkingsdóttir. (2018). *Því meiri samskipti – því meiri jákvæðni. Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu 2017*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

²¹ Deery, M., Jago, L. og Fredline, L. (2012). Rethinking social impacts of tourism research: A new research agenda. *Tourism Management*, 33, 64-73. <https://doi.org/10.1016/j.tourman.2011.01.026>

uppröðun töflureiknisins og ef ekki náðist í einstakling var hringt í þann næsta og svo koll af kolli. Haft var samband við einstaklinga símléiðis, þeim kynnt rannsóknin og boðin þátttaka. Ef einstaklingur samþykkti þátttöku var hann beðinn um að gefa upp netfang og fékk sent kynningarbréf um rannsóknina, sem einnig innihélt ítarlegar upplýsingar um ábyrgðaraðila, hljóðritun, meðhöndlun trúnaðarupplýsinga, rétt þátttakenda til að hætta við þátttöku og staðfestingu á viðtalstíma.

Við undirbúning rannsókna var horft til nýrra persónuverndarlaga og voru allir þátttakendur beðnir um að veita upplýst samþykki fyrir þátttöku. Í rannsókninni var hvorki farið fram á né unnið með viðkvæmar persónuupplýsingar. Viðtölin voru hljóðrituð og voru að jafnaði um 50 mínútna löng. Þau voru síðan afrituð, kóðuð og greind. Allar upplýsingar sem þátttakendur veittu í rannsókninni voru gerðar ópersónugreinanlegar og meðhöndlaðar samkvæmt ströngustu kröfum um trúnað og nafnleynd. Til þess að aðgreina þátttakendur í niðurstöðum greiningar voru þeim gefin gervinöfn sem fundin voru í gögnum Hagstofu Íslands yfir 100 algengustu eiginnöfn karla og kvenna og valin 12 algengustu nöfnin fyrir hvort kyn^{22,23}.



Stykkishólmshöfn og gamli bærinn í baksýn

Viðtölin í Stykkishólmi

Viðtölin í Stykkishólmi fóru fram dagana 15.-17. október. Rætt var við þrjú karla og tvær konur á aldrinum 40-65 ára. Ekkert þeirra taldi sig hafa bein tengsl við ferðabjónustu í Stykkishólmi. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá númer viðtals (S=Stykkishólmur), gervinafn einstaklings og uppruna hans. Í ljósi persónuverndar er ekki gerð frekari grein fyrir bakgrunni viðmælenda þar sem þeir búa allir í fámennum samfélögum og kunna frekari upplýsingar um starfsstéttir, þjóðerni, félagastörf, lengd búsetu o.s.frv. að vera persónugreinanlegar.

Númer	Nafn	Uppruni
S1	Stefán	Fæddur og uppalinn í Stykkishólmi
S2	Björn	Aðfluttur
S3	Arnar	Hefur búið í Stykkishólmi í meira en 40 ár
S4	Elin	Aðflutt
S5	Ingibjörg	Fædd og uppalin í Stykkishólmi

Viðtölin fóru fram á stöðum sem valdir voru af þátttakendunum sjálfum. Eitt var tekið í opinberu rými á hóteli, þrjú fóru fram á heimili þátttakenda og eitt fór fram á vinnustað viðkomandi.

Greining viðtalanna í þessu mótaðist af spurningarammanum en þau eru hvernig ferðamannastaður viðkomandi bæjarfélag er og fjöldi ferðamanna; áhrif á daglegt líf, efnahag og atvinnulíf; jákvæðar og neikvæðar hliðar ferðabjónustunnar og framtíðarsýn. Einnig komu fram ný þemu sem voru sértæk fyrir Stykkishólm og má þar nefna fjölskrúðugt atvinnulíf og mál tengd heimagistingu. Beinar tilvitnanir í orð viðmælenda eru settar fram í bláum textakössum, í nokkrum tilfellum hefur þeim verið lítillega breytt til þess að forðast persónugreinanlegar upplýsingar.

²² Hagstofa Íslands. (2019). Eiginnöfn karla 1. janúar 2017. Sótt 19. júní 2019, af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_Faeddirdanir_Nofn_Nofnkk/MAN11101.px.

²³ Hagstofa Íslands. (2019). Eiginnöfn kvenna 1. janúar 2017. Sótt 19. júní 2019, af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_Faeddirdanir_Nofn_Nofnkvk/MAN11111.px.

STYKKISHÓLMUR

Stykkishólmur er stærsti byggðakjarninn á Snæfellsnesi og sá þriðji fjölmennasti á Vesturlandi á eftir Akranesi og Borgarnesi. Skammt undan landi er Súgandisey, þverhnipt stuðlabergseyja, sem myndar gott skjól við innsiglingu hafnarinnar við Stykkið, sem bærinn er kenndur við og ver hana ágangi. Allan ársins hring siglir ferjan Baldur frá ferjubryggjunni við Súgandisey, yfir Breiðafjörð til Brjánslækjar, með viðkomu í Flatey og tengir þar með saman Snæfellsnes og Vestfirði. Veggsgöngur til Stykkishólms eru góðar. Þangað er rúmlega tveggja klukkustunda akstur frá höfuðborgarsvæðinu ef farin er sk. Vatnaleið (vegnr. 56) sem opnuð var haustið 2001²⁴. Íbúafjöldi í Stykkishólmi 1. janúar 2019 var 1201²⁵, tæplega þriðjungur allra íbúa á Snæfellsnesi. Frá árinu 2010 hefur íbúum fjölgað nokkuð stöðugt um að jafnaði um 1-2% á ári að undanskildu árinu 2017 þegar íbúum fjölgaði um 5% frá árinu á undan. Fjölgun íbúa undanfarinna ára í bænum hefur þrennt að á fasteignamarkaði og átt þátt í því að fasteignaverð hefur orðið með því hæsta á Snæfellsnesi. Þar við bætist að tæp 20% allra íbúðarhúsa eru frístundahús, þ.e. í eigu utanbæjaraðila sem aukaíbúð²⁶.

Stykkishólmur er ásamt hinum sveitarfélögum á Snæfellsnesi á svæði 3 í áfangastaðaáætlun Vesturlands 2018-2020²⁷ þar sem segir að m.a. ferðaþjónustan skuli byggja á tengslum við landslag, sjó og sögu Snæfellsness. Þá skuli stuðlað að því að gestir og heimamenn geti ferðast upplýstir um svæðið af virðingu við umhverfi og náttúru. Þetta er í samræmi við áherslur sóknaráætlunar Vesturlands 2015-2019²⁸ um að í landshlutanum skuli vera gott að búa og starfa og gaman ferðast. Í báðum áætlunum kemur fram ríkur vilji til að gera ferðaþjónustu að heilsárs atvinnugrein í sátt við umhverfið með áherslu á aukin gæði ferðaþjónustunnar.

Stykkishólmur á sér langa sögu og hefur allt frá 19. öld verið miðstöð verslunar og þjónustu á Snæfellsnesi og grundvallast á nálægð við gjöful fiskimið Breiðafjarðar. Mikil fjölbreytni einkennir atvinnulífið í Stykkishólmi en stærstu atvinnugreinarnar eru sjávarútvegur og ferðaþjónusta²⁹. Í bænum er fjölbreytt úrval gistingar, veitinga- og kaffihús sem mörg hver bjóða mat úr héraði og sjávarfang úr Breiðafirði. Ýmsir afþreyingarmöguleikar eru í bænum s.s. söfn, sundlaug, bátsferðir um fjörðinn og golfvöllur³⁰. Súgandisey, eitt af kennileitum Stykkishólms, er aðgengileg almenningi. Hægt er að ganga út í Súgandisey og að vitanum sem þar er. Fallegt útsýni er þaðan yfir bæinn og um Breiðafjörð. Engin upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn er í bænum en þess í stað hefur Stykkishólmsbær frá 2016 boðið gjaldfrjálsa þráðlausa nettengingu fyrir ferðamenn í bænum til að greiða leið þeirra að upplýsingum hvenær sem er³¹. Í Stykkishólmi hafa mörg gömul hús verið gerð upp og þykja mikið bæjarprýði.

Árið 2011 var Stykkishólmur útnefndur EDEN-gæðaáfangastaður í Evrópu 2011 fyrir varðveislu og endurnýjun menningarminja og metnaðarfulla stefnu í sjálfbærri þróun í ferðaþjónustu. Bærinn hlaut viðurkenninguna vegna markvissrar uppbyggingar gömlu húsanna í bænum sem hafa m.a. öðlast nýtt hlutverk í ferðaþjónustu, þar sem sjálfbærni- og umhverfishugsun er höfð í forgrunni³⁰.

²⁴ Aðalskipulag Stykkishólmsbæjar 2002-2022. Greinargerð 9. júlí 2002. Reykjavík: Gláma/Kím arkitektar.

²⁵ Hagstofa Íslands. (2019). Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2019. Sótt 19. júní 2019, af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_mannfjoldi_2_byggdir_sveitarfelog/MAN02001.px/table/table_ViewLayout1/?rxid=654abc64-8d33-4e80-ae32-23024ae2ef1d.

²⁶ Vífill Karlsson. (2017). *Fasteignamarkaðurinn á Vesturlandi: Fyrsti áfangi skýrslunnar*. Borgarnes: Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi.

²⁷ Áfangastaðaáætlun Vesturlands 2018-2020. Sótt 1. júlí 2019, af <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/DMP/vesturland-05022019-4.pdf>.

²⁸ Sóknaráætlun Vesturlands 2015-2019. Sótt 1. júlí 2019, af <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Soknaraaetlun/2015-19/soknaraaetlun-vesturlands-2015-2019.pdf>.

²⁹ Stykkishólmsbær. (e.d.). Mannlíf. Sótt 1. júlí 2019, af <https://www.stykkisholmur.is/mannlif/>.

³⁰ Upplifðu Vesturland. (e.d.). Stykkishólmur. Sótt 20. júní 2019, af <https://www.west.is/is/west/town/stykkisholmur>.

³¹ RÚV. (2016, 8. apríl). *Fritt netsamband í stað upplýsingamiðstöðvar*. Sótt 1. júlí 2019, af <https://www.ruv.is/frett/fritt-netsamband-i-stad-upplysingamidstodvar>

Erlendir ferðamenn í Stykkishólmi

Tvær kannanir hafa verið gerðar í Stykkishólmi um ferðavenjur erlendra ferðamanna í bænum. Sú fyrri var gerð 2016³² og voru niðurstöðurnar birtar í samantektarskýrslu Rannsóknamiðstöðvar ferðamála og Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Húsavík. Sumarið 2018 var sama könnun endurtekin og niðurstöður birtar í skýrslu Ferðamálastofu³³. Við úrvinnslu könnunarinnar 2018 var stuðst við upplýsingar um brottfarir erlendra farþega um Flugstöð Leifs Eiríkssonar og gögn úr landamæraökönnun Ferðamálastofu og Hagstofu Íslands til að áætla fjölda ferðamanna í Stykkishólmi. Talið er að 235 þúsund erlendir ferðamenn hafi komið í Stykkishólm á árinu 2018 og að þar af hafi langflestir (65%) komið á tímabilinu maí til september³³.

Niðurstöður ferðavenjukönnunarinnar 2018 í Stykkishólmi leiddu í ljós að flestir svarendur voru búsettir í Frakklandi (18%), Bandaríkjunum (18%) eða Þýskalandi (13%) og langflestir voru á ferð með vinum eða fjölskyldu (93%). Helsta afþreying sem ferðamenn nýttu sér í bænum var að ganga um svæðið, kaupa veitingar, skoða fugla og heimsækja söfn. Tveir af hverjum þremur ferðamönnum dvöldu aðeins hluta úr degi í bænum. Meðaldvalar lengd þessara ferðamanna var rétt tæpar 3 klukkustundir. Þeir ferðamenn sem dvöldu næturlangt voru að jafnaði 27 klukkustundir í bænum. Um 40% næturgesta voru á hótelum eða gistiheimilum, 38% á tjaldsvæðum eða farfuglaheimilum og 22% í einkagistingu s.s. Airbnb eða annarri gistingu. Helstu útgjöld svarenda voru vegna gistingar og veitinga en meðalútgjöld á sólarhring voru rúmar 10.000 kr. Orðspor Stykkishólmsbæjar sem ferðamannastaðar virðist vera gott að mati erlendra svarenda könnunarinnar en meðmæli um staðinn voru ein af helstu ástæðum heimsóknar þeirra í bæinn. Jafnframt voru þeir almennt ánægðir með dvölinu í bænum, einkum með fegurð, umhverfi bæjarins og staðsetningu. Þá ríkti einnig ánægja með gestrisni bæjarbúa. Þeir sem voru óánægðastir settu helst út á þjónustuframboð í bænum.

³² Lilja B. Rögnvaldsdóttir. (2017). *Erlendir gestir í Stykkishólmi sumarið 2016: Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála. (sjá <http://www.rmfi.is/static/research/files/2017-08-18172-stykkisholmur-skyrslapdf>)

³³ Lilja B. Rögnvaldsdóttir. (2019). *Erlendir ferðamenn í Stykkishólmi sumarið 2018 - Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Akureyri: Ferðamálastofa. (sjá <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/kannanir/atta-stadir-2018/rmf-stykkisholmur-2018.pdf>)

Viðhorf heimamanna á Vesturlandi

Í niðurstöðum könnunar Rannsóknamiðstöðvar ferðamála á viðhorfum Íslendinga til ferðamanna og ferðapjónustu 2017 voru niðurstöður teknar saman fyrir Vesturland og birtar í sérstakri samantektarskýrslu³⁴. Almennt sýndi þessi könnun að viðhorf íbúa á Vesturlandi í garð ferðapjónustu og ferðamennsku eru heilt yfir jákvæð. Ekki var að sjá að fjöldi ferðamanna í landshlutanum væri íbúunum til vandræða og urðu Vestlendingar sjaldnar en margir aðrir landsmenn varir við ferðamenn í heimabyggðinni. Fólki sá tækifæri í eflingu ferðapjónustunnar á svæðinu sem feli í sér tækifæri til atvinnu- og nýsköpunar. Að mati heimamanna hafði ferðapjónusta aukið fjölbreytni í mannlífi og þjónustu á svæðinu. Auk þess hefði ýmis uppbygging og bætt aðgengi að náttúru og sögulegum minjum jákvæða þýðingu fyrir íbúana í samfélags- og umhverfislegu tilliti. Helstu áhyggjur heimamanna sneru að innviðum s.s. salernisaðstöðu og almennri umgengni og virðingu ferðamanna gagnvart náttúrunni.

Í áfangastaðaáætlun Vesturlands³⁵ kemur fram að fátt bendi til þess að fjölgun í komum ferðamanna og aukningu í uppbyggingu ferðapjónustufyrirtækja hafi reynt um of á þolinmæði íbúanna. Ljóst sé að ýmis jákvæð áhrif sem rekja megi til ferðamennsku hafi skilað sér til fyrirtækja á borð við verslanir, verkstæði og framleiðslu að ógleymdum útsvarstekjum sveitarfélaga vegna umsvifa ferðapjónustufyrirtækja. Ennfremur að samhliða vexti atvinnugreinarinnar og fjölgun starfa innan hennar hafi m.a. verið spornað við brottflutningi íbúa og stöðir búsetu í dreifbýli verið styrktar. Bent er á að áhrif uppbyggingar ferðapjónustu séu bæði margþætt og mismikil eftir svæðum³⁵. Mest hafi áhrifin verið á miðsvæði Vesturlands; í Borgarfirði og á Snæfellsnesi.

³⁴ Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2018). *Viðhorf íbúa á Vesturlandi til ferðamanna og ferðapjónustu*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála. (sjá <http://www.rmfi.is/static/research/files/vesturlandpdf>)

³⁵ Áfangastaðaáætlun Vesturlands 2018-2020. Sótt 1. júlí 2019, af <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/DMP/vesturland-05022019-4.pdf>.

FERÐAMANNABÆRINN STYKKISHÓLMUR - FRÁ SJÓNARHÓLI ÍBÚA

Frásagnir íbúa í viðtölum báru þess glögglega merki að Stykkishólmur væri ferðamannabær. Fram kom að löng hefð væri fyrir ferðapjónustu í Stykkishólmi sem m.a. tengist ferjusiglingum og náttúru Breiðafjarðar. Allir töluðu um að mikið væri um gistingu í bænum og að þeim hefði fjölgað umtalsvert á undanförunum árum sem og ýmiss konar þjónusta við ferðamenn. Viðmælendum var tíðrætt um fjölbreytta flóru veitingastaða í bænum sem þeir báru vel söguna. Ferjusiglingarnar hafa skapað mikið líf bæði í bænum og við höfnina og verður þar mikill erill þegar ferjan Baldur er að koma eða fara. Súgandisey setur mikinn svip á höfnina og sögðu íbúar að þangað væri mjög vinsælt að ganga upp enda er þaðan mjög gott útsýni.

Öllum viðmælendum kom saman um að bærinn væri fallegur og auðvelt væri að heillast af honum og umhverfinu í kring. Stutt væri í allar áttir og úrval þjónustu væri stór þáttur í því að gera bæinn aðlaðandi bæði fyrir íbúa og ferðamenn.

FÓLK FELLUR FYRIR BÆNUM

„Það eru dæmi um það að fólk hefur komið hér á bakdeildina [skýring: deild á sjúkrahúsinu] og elskað bæinn og keypt hús áður en það fór. Ef þú átt sumarhús hérna, það er Bónus, það er sundlaug, pósthús, lögreglustöð. Það er allt hérna í bænum sem þú þarft. Það er sýslumaður, það eru veitingastaðir, það er íþróttahús og allt í göngufæri.“

Björn (S2)

VIL AÐ FERÐAMENN UPPLIFI FEGURÐINA LÍKA

„Mér finnst bærinn minn alveg virkilega fallegur. Og bara möguleikarnir á að fara, ekki bara hér í bænum heldur á Snæfellsnesi og fara út í Flatey. Mér finnst þetta bara svo stórkostlegt svæði að mér finnst það bara mjög jákvætt fyrir túrista að koma hingað og upplifa það sem er hér. Og veitingastaðirnir hérna gefa sig út fyrir að vera með mat úr heimahéraði og allt það.“

Ingibjörg (S5)

BREIÐAFJÖRÐURINN UNDIRSTAÐAN

„Ég myndi segja að styrkleikarnir séu náttúran og fjörðurinn og þessar eyjasiglingar. Það er upphafið afþreyingunni. Miðað við stærð á bæjarfélagi þá er gott úrval af veitingastöðum. Það svo sem hefur alveg sveiflast en er núna mjög gott. Og mikið um gistingu.“

Stefán (S1)

HÖFNIN LÍFÆÐIN OG SÚGANDISEY VINSÆLUST

„Höfnin er mikil lífæð, verandi með ferjusiglingar þarna. Skemmtiferðaskipin eru aðeins farin að koma hingað, það voru einhver 20 skip sem komu í sumar. Þau liggja þarna við og þetta eru eins og maurar, fólk í bláu jökkunum. Auðvitað skapar þetta mannlíf og það er bara mjög jákvætt. Og einnig þessi aukni fjöldi báta sem liggur þarna niðurfrá, svona skemmtibátar. Svo náttúrulega er Súgandisey þarna við endann og þú getur farið upp á hana og horft yfir. Og þetta má segja að sé vinsælasti ferðamannastaðurinn hér. Kostar ekki neitt fyrir viðkomandi að fara þarna, færð geggjað útsýni. Það er voða gaman þegar það er mikið líf í kring og bátar að sigla og svona.“

Elín (S4)

FERÐAMENNSKAN BYGGIR Á MÖRGUM ÞÁTTUM

„Ég held að það sé Breiðafjörðurinn. Baldur. Það er bara það langstærsta. Það er ekkert eitthvað sem er „vá!“; einhver foss eða eitthvað svona. En það eru eyjarnar og siglingin. Hún er náttúrulega bara frábær, ég er búinn að fara í hana. Og þar sem þeir setja niður plóginn og taka upp ígulkerin og það er étið beint bara. Það er bara hægt að kalla þetta Víking Sushi. Og fuglarnir. Puffin. Sumir sjá ekki lunda. Og það er hægt að sigla hérna upp í Þórisólma bara og allur kletturinn þar er þakinn fugli ákveðinn tíma á ári. Ég held að þetta sé að selja. Það eru söfn hérna. Það er Æðarsetrið, Eldfjallasafnið og Norska húsið og Vatnasafnið. Kirkjan er gríðarlega vinsæl. Hún er ótrúlegt mannvirki miðað við lítinn bæ. Og svo kannski gamli bærinn.“

Björn (S2)

Hefur Stykkishólmur staðnað sem ferðamannastaður?

Þrátt fyrir að allir væru sammála um að Stykkishólmur væri ferðamannabær með lengri sögu um ferðapjónustu en margir aðrir staðir í nágrenninu þá voru ekki allir sammála um að hann hefði sömu stöðu og Snæfellsnes sem ferðamannastaður. Flestir viðmælendur töluðu um að vinsældir Snæfellsness sem ferðamannastaðar hefðu aukist hratt á undanförunum árum en sumir höfðu velt því fyrir sér að Stykkishólmur hefði ekki haldið í við þá þróun. Bærinn væri ekki hluti af Snæfellsnesshringnum heldur væri hann lykka á leið ferðamanna eða endastöð sem ekki þyrfti að fara á nema þá helst til að gista eða til fara í ferjuna. Á sama tíma hefði ferðapjónusta verið byggð upp víða á Snæfellsnesi og að sú uppbygging hefði gengið vonum framar. Nokkrir viðmælendur töldu að Stykkishólmur hefði í vissum skilningi dregist aftur úr í því að fá til sín þessa ferðamenn sem koma á Snæfellsnes en aðrir höfðu ekki áhyggjur af því.

Nokkuð var talað um uppbyggingu ferðapjónustu og fjölgun ferðamanna á Snæfellsnesi. Einn viðmælandi minntist á þjóðgarðinn en mest var talað um Kirkjufell við Grundarfjörð sem hefði nokkuð óvænt laðað að sér meiri fjölda ferðamanna en búist var við. Talað var um að þar þyrfti að bæta aðstöðu töluvert, einkum bílastæði þar sem fjöldinn gæti orðið mjög mikill á ákveðnum tímum og hættulegar aðstæður geti auðveldlega skapast þegar fólk gengur yfir þjóðveginn.

LENGRI HEFÐ FYRIR FERÐAPJÓNUSTU Í STYKKISHÓLMI EN Á SNÆFELLSNESI

„Þegar ég flutti hingað fyrir [X] árum þá var Stykkishólmur ferðapjónustubærinn á Snæfellsnesi. Það bara var hérna ákveðin ferðapjónusta sem var ekki annars staðar og mikið af ferðamönnum hér sem voru ekki að fara út á Nes. Síðan hefur orðið gríðarlega mikil breyting. Eftir Hrunið þá byggðist mikið upp í ferðapjónustunni úti á Nesi. Ef þú ferð í bæ eins og Ólafsvík eða Snæfellsbæ þá er þar mikil útvegsstarfsemi og það var nóg að gera og vel launuð störf, þannig að uppbygging í ferðapjónustu hefur kannski verið hægari þar. En hún er núna og munurinn á þessum bæjum er kannski að hér höfum við lengi haft þessa ferju.“

Elín (S4)

STYKKISHÓLMUR EKKI HLUTI AF LEIÐ FERÐAMANNA FYRIR JÖKUL

„Snæfellsnesið er inn núna, held ég. Það er allt orðið pakkað þarna suðurfrá. Þetta er passleg vegalengd og menn fara þá fyrir jökul og jafnvel bara Kerlingarskarð heim. Nema ef þú ætlar að gista þá kemurðu inn í Hól. Ætli það sé ekki meiri hóteltgisting hérna í Hólminum heldur en á öllu Snæfellsnesinu. Það er kominn einn góður veitingastaður í Grundarfirði núna. Bjargarsteinn. Fjallið [Kirkjufell] er að heilla þar mikið. En það háði því að það var enginn gististaður þarna. Og menn urðu að fara inn í Hól til þess að gista en núna er hann kominn með orðspor núna, það er búið að vera ágætt að gera hjá honum í Grundarfirði. Keppinautarnir hérna í Hólminum voru að segja að það myndi ekkert ganga nógu vel hjá honum. En Grundarfjörður er ekki endastöð. Stykkishólmur er endastöð.“

Arnar (S3)

HÓLMARAR SOFIÐ Á VERÐINUM Á VAXTASKEIÐI FERÐAPJÓNUSTU

„Við höfum alveg sofið á verðinum. Landið er orðið meira undir, það eru fleiri sem hafa tekið sig á og eru að sækja fram og auglýsa. Ég held að Hólmurinn hafi svolítið hallað sér aftur og sagt: „við erum með þetta“. En það er auðvitað aldrei þannig í þessu. Bærinn auglýsir eitthvað en það er ekki sami kraftur í því og var. Núna hef ég ákveðnar áhyggjur af því að það er náttúrulega nóg af gistingu og veitingastöðum. En fólk kemur kannski ekki endalaust í það. Þú verður að hafa eitthvað sem togar. Við erum reyndar með þrjú söfn og mörgu leyti mjög merkileg og skemmtileg. En maður þarf alltaf að harka.“

Stefán (S1)

KIRKJUFELLIÐ LAÐAR AÐ

„Svo verður maður var við eins og úti í Grundarfirði þar sem að Kirkjufellið er búið að skapa þvilíkt mikla traffík. Það er bara eins og að vera á Laugaveginum á sumum dögum þegar það koma kannski 8 rútur og stoppa þarna. Það var aldrei fyrir 10 árum. Bara fjallið var þarna og bara mjög flott sko. En þar verður gríðarleg sprengja sko. Þannig að allt í einu kemur þar og það verður rosa mikið áhlaup á byggðina.“

Elín (S4)

VIÐHORF TIL FJÖLDA FERÐAMANNA


Fjöldi ferðamanna oftast hæfilegur en þrengir að á sumrin

Meira en helmingur svarenda símakönnunar í Stykkishólmi var þeirrar skoðunar að fjöldi ferðamanna væri hæfilegur bæði á sumrin og á veturna. Tæplega þriðjungur íbúa var þeirrar skoðunar að ferðamenn væru heldur eða allt of margir á sumrin. Þá voru hlutfallslega fleiri íbúar í Stykkishólmi en á hinum svæðunum sem töldu ferðamenn vera of marga yfir sumartímamann. Sá munur reyndist marktækur og gæti það gefið til kynna að þeir sem hafa búsetu í Stykkishólmi finni mest fyrir fjölda ferðamanna á sumrin af öllum svarendum símakönnunarinnar.

Konur í Stykkishólmi og íbúar undir þrítugu voru frekar þeirrar skoðunar að fjöldinn væri heldur eða of mikill á sumrin. Karlar, sjálfstætt starfandi og þeir sem störfuðu við ferðaþjónustu voru frekar en aðrir hópar á því að fjöldi ferðamanna væri of lítill á veturna. Skiptar skoðanir voru meðal íbúa hvort Stykkishólmur gæti tekið við fleiri ferðamönnum miðað við núverandi aðstæður en tæplega 60% íbúa töldu vera rými fyrir fleiri ferðamenn á meðan 29% voru á öndverðum meiði. Tæp 13% íbúa tóku ekki afstöðu. Íbúar Stykkishólmsbæjar tóku síður en íbúar á Egilsstöðum, Húsavík og í Reykjanesbæ afstöðu með eða á móti.

Íbúar í Stykkishólmi finna meira fyrir fjölda ferðamanna en aðrir íbúar á Vesturlandi

Í landskönnun 2017 kom fram að íbúar á Vesturlandi virtust finna síður fyrir fjölda ferðamanna en aðrir landsmenn. Rétt rúmlega helmingi íbúa á Vesturlandi fannst fjöldi ferðamanna vera hæfilegur á sumrin. Tæplega fjórðungi fannst ferðamenn á svæðinu vera heldur eða of fáir á sumrin og tæplega helmingur íbúa var einnig á




því hvað varðar fjölda ferðamanna yfir vetrartímamann. Þegar svör íbúa í Stykkishólmi eru borin saman við niðurstöður landskönnunar 2017 kemur í ljós að hlutfallslega fleiri íbúar í Stykkishólmi eru þeirrar skoðunar að fjöldi ferðamanna á sumrin sé heldur eða of mikill samanborið við bæði Vesturland og landsmeðaltalið. Íbúar í Stykkishólmi virðast auk þess frekar vera þeirrar skoðunar að fjöldi ferðamanna að vetri til sé hæfilegur en íbúum á Vesturlandi fannst frekar að ferðamenn á svæðinu væru heldur eða allt of fáir.

ÁHRIF Á DAGLEGT LÍF HEIMAMANNA

Finna mest fyrir fjölda ferðamanna

Í viðtölum við íbúa í Stykkishólmi kom fram að heimamenn verða mikið varir við ferðamenn í bænum og að ferðamenn sjáist í miðbænum alla daga og æ oftar yfir vetrartímann. Þetta staðfestu niðurstöður úr símakönnun sem sjá má hér til hliðar. Þar kom fram að níu af hverjum tíu íbúum Stykkishólmsbæjar verða nær daglega varir við ferðamenn, oftar en íbúar á Húsavík, Egilsstöðum og í Reykjanesbæ. Þessi fjöldi heimamanna sem verður nær daglega var við ferðamenn er einnig hlutfallslega meiri en meðal íbúa á Vesturlandi. Niðurstöður landskönnunar 2017 leiddu í ljós að íbúar á Vesturlandi urðu síður varir við ferðamenn daglega en íbúar í öðrum landshlutum. Sú niðurstaða er hins vegar á skjön við upplifun íbúa í Stykkishólmi.

Í viðtölunum kom fram að breytingar hefðu orðið ferðamannastraumnum sem hafi þungst fyrst eftir Hrun og náð hámarki sumarið 2016 þegar bæði var mikið um erlenda og innlenda ferðamenn í Stykkishólmi. Heimamenn sögðust ekki finna jafn mikið fyrir fjöldanum og að allt frá árinu 2016 væri fjöldinn, þrátt fyrir allt, orðinn bærilegri. Fram kom að ferðamenn væru alls staðar í bænum en að helst mætti að finna þá í kringum höfnina, við veitingastaðina, við matvöruverslunina og á götum úti. Ferðamenn væru hins vegar minna á ferðinni inn í íbúðahverfunum nema þeir sem væru í leit að heimgastingu.



EKKI ALLTAF VERIÐ PLÁSS FYRIR ÍBÚANA

„Þú varðst mjög var við ferðamennina [í sundlauginni] og niðri á höfn í Baldri eða Sæferðum, þjónustu fyrir bátana sem þeir voru með. Þar voru alltaf ferðamenn. Og auðvitað er alltaf ennþá en það sem hefur breyst er að það hefur bara breiðst út. Á tímabili þegar hvað mest var hérna þá fannst manni bara að það væri ekki pláss fyrir mann í sundlauginni til dæmis. Á góðum degi þá varstu bara að reka rassinn í næsta mann. Þetta held ég að sé sumarið 2009 þegar Íslendingar bara fóru ekki til útlanda. Þeir höfðu ekki efni á því og það var rosa mikið af fólki sem kom og ferðaðist bara innanlands.“

Elín (S4)

2016 VAR „ROSALEG BOMBA“

„Það var ekki eins mikið í sumar og var fyrir tveimur árum. Þá var rosaleg bomba. Hvað gerðist? Var það ekki bara allstaðar? Mér finnst þetta hafa jafnast út síðustu tvö árin, þetta sumar og þar síðasta. Kannski líka að Íslendingarnir voru minna en þegar þetta kom saman, þegar var mikið ferðasumar hjá Íslendingunum. Þá gast þú ekkert. Fólk sem var í vinnu og að koma sér á milli. Þú gast ekkert, það var fólk allsstaðar. Það var bara ömurlegt. Bílar og fólk á labbi skilurðu. En auðvitað hægist á eftir sumarið. Þú sérð það núna [október 2018], það eru ekki margir.“


Stefán (S1)

Eiga oft samskipti við ferðamenn

Í Stykkishólmi eiga 35% íbúa daglega samskipti við ferðamenn sem er hærra hlutfall íbúa en í hinum bæjarfélögum þremur þar sem 26% íbúa á í daglegum samskiptum við ferðamenn. Nær átta af hverjum tíu íbúum Stykkishólms líkaði mjög (31%) eða frekar vel (46%) við að eiga samskipti við ferðamenn. Viðtölin staðfestu þetta en í þeim greindu viðmælendur frá því að samskiptin séu í flestum tilfellum lítil og snúist helst um að heilsast á förnum vegi, segja til vegar eða veita upplýsingar um staðinn og nærumhverfið þegar eftir því er leitað. Í símakönnuninni sögðust níu af hverjum tíu íbúum vera fúsir til að veita ferðamönnum aðstoð til að bæta upplifun þeirra í heimabyggðinni. Hlutfall íbúa sem voru fúsir til þessa var hæst í Stykkishólmi samanborið við Húsavík, Egilsstaði og Reykjanesbæ en munurinn reyndist þó ekki marktækur.

Ónæði vegna ferðamanna ekki aukist en vissar aðstæður geti reynt á

Þrátt fyrir að langflestir íbúar í Stykkishólmi verði nær daglega varir við ferðamenn og eigi oft í samskiptum við ferðamenn töldu tveir af hverjum þremur íbúum sig ekki verða fyrir meira ónæði en áður vegna ferðamanna. Tveir af hverjum þremur svarendum símakönnunarinnar sögðust sjaldan eða aldrei verða varir við óæskilega hegðun, athafnir eða framkomu ferðamanna í Stykkishólmi. Í viðtölum báru heimamenn almennt ferðamönnum vel söguna og flestum þótti notalegt að sjá þá í bænum. Flestir sögðu að ferðamenn væru yfirleitt gott og kurteist fólk og að samskiptin væru oftast á góðum nótum. Nokkrir greindu frá því að hætta gæti skapast við höfnina þegar bátar kæmu til að landa og að slíkt hefði löngum vakið forvitni ferðamanna. Fram kom að það geti reynt verulega á þolinmæði íbúanna að fara um bæinn á sama tíma og ferðamenn sem fari hægar um bæinn en margir heimamenn; í eins konar tímaleysi og hægagangi sem hægi á allri umferð. Tveir viðmælendur höfðu nokkrum sinnum orðið fyrir því að ferðamenn hafi kíkt inn um glugga eða gengið inn á heimili þeirra. Í slíkum tilfellum hafi oftast verið um misskilning að ræða.



TÍMALEYSIÐ GETUR REYNT Á ÞOLRRIFIN

„Fólk kemur hérna í kyrrðina og tímaleysi. Það hægir á sér og er bara að stoppa bílinn og svo er það bara að röltu og taka mynd. Stundum stendur það bara á götunni. Þú þarft að hafa alveg sérstaklega þolinmæði fyrir þessu. Það hafa ekki allir þolinmæði fyrir þessu en svona flestir eru að sýna þessu skilning af því að við höfum af þessu tekjur og allt það. En svo eru aðrir sem bara fórna höndum og finnst þetta bara vera ónæði. Sjá kannski ekki pótensjalið.“

Stefán (S1)

TÚRISTAR EÐA GAMALMENNI Á RÚNTINUM

„Og eins líka þegar ég er að keyra niður í bæ þá lendir maður kannski á 20, 15 kílómetra hraða. Það er annað hvort túristi eða gamalmenni að keyra á rúntinum. Og þá þarf maður bara að fara þetta á 15. Þetta munar mann bara um mínútu. Ég er náttúrulega búinn að taka mig í gegn sko. En það er fullt af fólki sem lætur þetta pirra sig. Það er engin ástæða til að láta þetta pirra sig.“

Arnar (S3)

TRUFLAR LÍTIÐ ÞÓTT STUNDUM SÉ KÍKT Á GLUGGANN

„Manni finnst eiginlega svolítið spaugilegt þegar fólk er að kíkja á gluggana sko. Við vissum það alveg það væri mikil traffík hérna af túristum þegar við fluttum hingað og við höfum ekki látið það trufla okkur, alls ekki. Eins og ég segi, þetta truflar mig ótrúlega lítið sko en mér finnst samt gaman að fólk skuli koma hingað.“

Ingibjörg (S5)

ÁHRIF Á EFNAHAG, ATVINNULÍF OG ÞJÓNUSTU

Ferðþjónusta mikilvæg í fjölskrúðugu atvinnulífi

Enginn vafi leikur á efnahagslegu mikilvægi ferðþjónustu í hugum íbúa í Stykkishólmi og reyndist ekki vera martækur munur á svörum milli hópa í símakönnuninni. Langflestir töldu að ferðþjónusta hefði góð áhrif á fjölbreytni í atvinnulífi og framboð þjónustu á svæðinu. Íbúar í Stykkishólmi reyndust jákvæðari en aðrir íbúar á Vesturlandi og landsmenn í garð þessara þátta. Flestir töldu ferðþjónustu skapa heilsárs störf í samfélaginu og sex af hverjum tíu íbúum töldu að aðrar atvinnugreinar liðu ekki fyrir að fólk réði sig til starfa í ferðþjónustu.

Í viðtölunum var einhugur bæði um mikilvægi ferðþjónustu í atvinnulífinu og um að vel fari á með henni og öðrum atvinnugreinum í bænum. Viðmælendur sáu fjölbreytni atvinnulífsins sem einn af stærstu kostum bæjarins og að afkoma heimamanna væri ekki háð afkomu einnar atvinnugreinar. Nokkrir viðmælendur töluðu um að hrun í hörpuskelstofninum í Breiðafirði árið 2003 hafi verið samfélaginu mjög erfitt. Til lengri tíma litið hafi það þó orðið til þess að ýta af stað nýsköpun í atvinnulífinu og mörg ný fyrirtæki með fjölbreytta starfsemi urðu til.

MIKIL BREIDD Í ATVINNULÍFINU JÁKVÆÐ FYRIR SAMFÉLAGIÐ



„Kosturinn við Stykkishólm er að það er ákveðið þjónustustig hérna. Þetta er ekki bara útvegur. Hér eru háskólamentaðir starfsmenn bæði í sýslumannsembætti, á sjúkrahúsi, í náttúrustofu, í háskólasetri. Ef þú skoðar bæina hérna í kring þá er hér ótrúlega blandað atvinnulíf. Hér eru opinber störf, bæði ríkis og sveitarfélagsins. En svo er útgerð en hún er fjölbreytt. Það er ekki bara þorskur. Síðan eru það byggingarfyrirtækin og svo bílaverkstæðin sem þjónusta auðvitað alla þessa bílaleigubíla og það er brjáláð að gera á sumrin hjá þeim. Það er bara einn af styrkleikum bæjarins.“

Elin (S4)

FRUMKVÖÐLAKRAFTUR MEÐAL HEIMAMANNA

„2003 hrynur skelstofninn og þar leggjast veiðar af alveg. Það er talað um það af eldra fólki sem mikið högg fyrir sveitarfélagið. En ég veit það ekki. Það náttúrulega knýr menn til að fara í nýsköpun og það gerðist vissulega. Hér fóru af stað alls konar tilraunir og menn fóru bara með vinnsluna í annað, aðlöguðu, gerðu eitthvað nýtt. Ég meina, þeir fóru að rækta hérna bláskel, til dæmis, nokkrir frumkvöðlar og eru með stöðug viðskipti núna sjö, átta árum síðar. Einn sem var að vinna á skelinni fór að setja upp harðfiskverkun. Hún opnaði í októberþyrjun 2008, korter yfir hrun. Hann er ennþá að selja sinn frábæra harðfisk út um allt land.“

Elin (S4)



Njóta góðs af fjölbreyttari þjónustu og verslun

Íbúar í Stykkishólmi voru sammála um að ferðapjónusta hafi haft jákvæð áhrif á almenn lífsskjör íbúa á staðnum. Í símakönnun sögðu sex af hverjum tíu að ferðapjónusta hefði haft jákvæð eða mjög jákvæð áhrif á aðgengi íbúa að verslun og þjónustu. Meirihluti íbúa sagði jafnframt að ferðapjónustan hefði leitt til fjölbreyttari þjónustu sem þeir hefðu nýtt sér. Þetta staðfestu viðmælendur í viðtölum en flestir þeirra höfðu farið í eyjasiglingar og á veitingastaðina. Nokkrir töluðu um að stundum væri ekki pláss fyrir heimamenn á veitingastöðum á sumrin en sýndu því skilning, annars vegar vegna þess að umræddir staðir eru ekki stórir og hins vegar vegna þess að heimamenn væru e.t.v. sjálfir í hlutverki ferðamannsins fjarri heimabænum. Að mati íbúa er lágvöruverslunin Bónus mikilvægt aðráttarafl, bæði fyrir ferðamenn og íbúa utan af Snæfellsnesi.

BÓNUS TREKKIR AÐ

„En talandi um Bónus. Fyrir sex árum þá voru flutt inn þrjú bretti af mat í hverri viku, held ég, svona að jafnaði. Tveimur árum seinna þá voru flutt inn 13 bretti. Þetta trekkir að að vera með Bónus.“

Björn (S2)

ÚTNESJAMENN SÆKJA LÍKA Í BÚÐINA

„Ég vel stundum hádegið til að fara í Bónus en það er kannski ekki alveg út af ferðamönnum. Það er alveg eins bara fólk sem kemur utan af Nesi, það kemur á ákveðnum dögum og ákveðnum tímum, eftir vinnu skilurðu. Þá eru veitinga-aðilarnir útfrá kannski að fylla þrjá, fjóra vagna þannig að ef þú lendir í biðröð á eftir þeim þá skaltu bara bíða.“

Stefán (S1)

Er ferðapjónustan heilsársatvinnugrein?


Skiptar skoðanir voru meðal viðmælenda um það hvort ferðapjónusta væri orðin að heilsársatvinnugrein eða hvort hún væri að mestu árstíðabundin. Flestum fannst mest um að vera í ferðapjónustunni á sumrin en umsvifin vor og haust væru einnig nokkur. Sumir íbúar efuðust um að ferðapjónusta gæti orðið heilsársatvinnugrein. Helst var það vegna þess að það vanti fólk til starfa í ferðapjónustu og að fyrirtæki, einkum veitingahúsin, reiði sig mikið á einstaklinga sem geti aðeins unnið tímabundið s.s. skólakrakka og erlent fólk. Dæmi voru um að rekstraraðilar veitingahúsa hefðu neyðst til að loka stöðum sínum hluta úr árinu til þess að geta hvílst og safnað kröftum áður en þeir opna fyrir ferðamenn að nýju. Einn viðmælandinn sagði frá því að þegar unglingar réðu sig til vinnu í ferðapjónustu færu þeir síður í vinnuskólann. Það hefði neikvæð áhrif á ásýnd bæjarins þar sem færri hendur væru til að hirða um grænu svæði bæjarins á sumrin.

FJÖLBREYTT FLÓRA VEITINGASTAÐA OG MÖRG STÖRF ORÐIÐ TIL

„Núna eru þrír veitingastaðir opnir allan ársins hring. Tveir þeirra með svona a la carte, frábæran mat. Þriðji meira í svona skyndiréttum og svona en fær mjög finar viðtökur og góður matur. Plús svo pizzeríu, fiskivagn og pulsuvagn á sumrin, bensinstöðin og svo bakarið sem hefur bætt við súpu dagsins og eitthvað svona. Og svo á hótelinu þó það markaðsetji sig kannski ekki sem veitingastað fyrir bæjarbúa þá eru alltaf veitingar hérna. Og þarna sér maður muninn. Þarna hafa orðið til störf. Einn veitingastaður sem er opinn allan ársins hring er kannski með einhverja sjö, átta starfsmenn í kjarna og svo tvöfaldar hann það á sumrin. Þannig að þetta er orðin alveg hruga af fólk.“

Elín (S4)

Mat á áhrifum ferðapjónustu í Stykkishólmi



Í LAGI ÞÓTT EKKI SÉ ALLTAF PLÁSS

„Sprengingin er einhvern veginn orðin þannig að þú ferð ekkert voðalega mikið inn á veitingastaðina á sumrin af því að þeir eru bara fullir. Okkar tími, bæjarbúanna, í því er meira veturinn og ég held að það sé allt í lagi. Við erum bara líka að ferðast á sumrin sjálf og gerum okkur dagamun með því að fara eitthvert.“

Elín (S4)

BATTERÍIN KLÁRAST

„Það er verið að tala um að gera þetta svona heilsárs, teygja þetta. Það er svo rosalega erfitt að teygja þetta, sérstaklega á veitingastöðunum. Krakkarnir þau fara yfirleitt og útlendingarnir þeir eru að fara núna líka. Og það vantar allsstaðar fólk. Og svo eigendurnir sem eru að reka þetta líka, þeir eru bara alveg búnir. Batteríin eru búnir.“

Arnar (S3)

Telja að þjónustuaðilar í Stykkishólmi hafi ráðið vel við álagið

Í símakönnuninni var spurt um álag á ýmsa þjónustuðila vegna aukins fjölda ferðamanna og má sjá niðurstöður úr öllum bæjarfélögum fjórum hér til hliðar. Meirihluti svarenda í Stykkishólmi var þeirrar skoðunar að þjónustuaðilar ráði vel við fjölgun ferðamanna á svæðinu og var ekki mikill munur á svörum Stykkishólmsbúa samanborið við svör frá hinum bæjarfélögum. Af þeim þjónustuaðilum sem spurt var um í símakönnun og koma fram á myndinni til hliðar töluðu viðmælendur í Stykkishólmi helst um sveitarfélagið og verslanir.

Frásagnir viðmælenda gáfu til kynna ánægju með verslun þó svo að stundum hafi vörur selst upp. Aftur á móti voru viðmælendur gagnrýnir á sveitarfélagið og komu fram efasemdir um hvort bæjaryfirvöld hefðu hug á að styðja af krafti við uppbyggingu ferðamála í bænum um leið og þau hefðu lokað upplýsingamiðstöð ferðamanna í sparnaðarskyni.

SPURNING UM HLUTVERK SVEITARFÉLAGSINS

„Auðvitað gerir bærinn eitthvað sko en það er ekki sami kraftur í því og var. Núna hef ég ákveðnar áhyggjur af... það er nóg af gistingu og veitingastöðum en fólk kemur kannski ekki endalaust í það. Þú verður að hafa eitthvað sem togar. En auðvitað er alltaf spurning um snertiflöt bæjarins. Þetta félag, Efling [innsk. Samstarf fyrirtækja í atvinnurekstri um markaðasetningu Stykkishólms], réð starfsmann á sínum tíma en svo var ekki fjármagn til að halda því áfram. Þá varð bærinn að taka við, það varð einhver að taka við einhverju og það mokaðist einhvern veginn þarna inn án þess að það sé tæklað formlega.“


Stefán (S1)

KVARTAÐ YFIR TÓMUM BÚÐARHILLUM

„Ég veit ekki hvað veldur því en fólk hefur svo sem kvartað yfir því á sumrin að það sé ekkert til. Sé bara allt búið. Hver ástæðan er, hvort – eins og einhver hefur látið að því liggja – að þetta séu ferðapjónustufyrirtækin sem eru að kaupa upp í Bónus eða hvort þetta eru ferðamennirnir. Öruglega einhver blanda af hvoru tveggja. En stundum kemur maður alveg í tóma búð, það er ekki til mjólk og það er ekki til brauð og svona.“

Elín (S4)

Hversu vel eða illa finnst þér eftirtaldir aðilar ráða við fjölgun ferðamanna í þinni heimabyggð?



ÁHRIF Á SAMFÉLAGIÐ

Jákvæð áhrif blandast áhyggjum af aukinni umferð


Niðurstöður símakönnunarinnar benda til þess að á heildina litið telji íbúar í Stykkishólmi ferðamennsku og ferðaþjónustu hafa jákvæð áhrif á samfélagið og búsetuskilyrðin á svæðinu. Langflestir sögðust vera sáttir við að samfélagið myndi taka einhverjum breytingum vegna ferðaþjónustu og nær allir, eða rúm 94% íbúa, voru þeirrar skoðunar að það myndi hafa afleiðingar fyrir samfélagið ef ferðamenn hættu að koma. Þetta er í takti við niðurstöður landskönnunar 2017. Sex af hverjum tíu íbúum í Stykkishólmi töldu ferðaþjónustuna hafa jákvæð áhrif á lífsgæði heimamanna og rúmlega helmingur taldi ferðaþjónustu hafa jákvæð áhrif á samfélagsandann. Íbúar í Stykkishólmi voru sammála um að aukinn umferðarþungi og tafir á vegum væri af völdum ferðaþjónustunnar. Umferðarmál voru einnig rædd í viðtölum og komu þar fram ýmsar frásagnir tengdar bílaleigubílum og höfðu íbúarnir áhyggjur af hættulegum aðstæðum sem geta skapast á þjóðvegnum í nágrenninu.

AUKIN UMFERÐ OG GÁLEYSISLEG HEGÐUN


„Skógarströnd er orðin mjög vinsæl af því að hún liggur náttúrulega bara hérna inn eftir og meðfram Breiðafirðinum og alveg ótrúlega fallegt útsýni. Það er ofboðslega mikil umferð orðin um þennan veg af túristum sem eru oft ekki alveg í stakk búnir til þess að keyra svona veg. Og þeir eru stoppandi, liggur við, og hoppandi út úr bílnum á miðjum vegi. Ég held að ég sé ekkert ein um það. Það er náttúrulega bara alveg landlægt örugglega. Túristar í umferð á Íslandi!“

Ingibjörg (S5)


Mat á lífsgæðum



Hlutfall svarenda sem voru sammála fullyrðingum





Mat á áhrifum ferðaþjónustu á nokkra þætti samfélagsins í Stykkishólmi



Eftirspurn eftir húsnæði í bænum meiri en framboð

Að mati meirihluta svarenda símakönnunar í Stykkishólmi hefur ferðapjónustan haft neikvæð áhrif á framboð fasteigna á leigumarkaði í bænum en skiptari skoðanir voru um áhrif ferðapjónustunnar á fasteignaverð. Íbúar í Stykkishólmi voru martækt líklegri en íbúar í Reykjanesbæ, á Egilsstöðum og Húsavík til að finna ferðapjónustan hafa takmarkað möguleika íbúa á að eignast húsnæði í heimabyggðinni. Viðmælendur í viðtölunum voru sammála um að mestu breytingarnar sem ferðapjónustan hefði haft fyrir samfélagið í Stykkishólmi tengdust framboði á fasteignamarkaðnum. Ljóst þótti að fasteignaverð hefði verið hátt, eignir í bænum hefðu um hríð verið eftirsóttar og eftirspurn verið meiri en framboð. Í viðtölunum kom fram að þessar þrengingar á fasteignamarkaðnum hefðu staðið í vegi fyrir vexti bæjarfélagsins; það vanti húsnæði á sama tíma og það vanti fólk í bæinn til ýmissa starfa. Fram kom að ekki er föst búseta í hluta íbúðarhúsa bæjarins. Ýmist sé um að ræða frístundahús, sem gjarnan eru í eigu fólks með fasta búsetu utan Stykkishólms, eða eignir sem leigðar eru ferðamönnum með einum eða öðrum hætti. Í viðtölum var talað um þessa gistingu sem heimagistingu eða Airbnb. Svarendur símakönnunar í Stykkishólmi skiptust í þrjá hópa í afstöðu til þess að heimamenn ráðstafi eigin fasteignum í útleigu til ferðamanna. Um 45% íbúa voru á móti því, um 35% voru fylgjandi en tæp 20% tóku ekki afstöðu. Niðurstöður um þetta eru þar af leiðandi ekki afgerandi og ekki mældist marktækur munur milli svæða. Í Stykkishólmi reyndust karlar og íbúar sem starfa við ferðapjónustu líklegustu hóparnir til að vera fylgjandi ráðstöfun heimamanna á eigin fasteignum til ferðamanna. Í viðtölunum var talað um að gistirýmum hafi fjölgað mikið með tilkomu hótela og gistiheimila sem hafa verið endurnýjuð í sumum eldri húsum bæjarins. Samhliða því hafi sumir íbúar séð tækifæri í að leigja ferðamönnum húsnæði til gistingar í lengri eða skemmri tíma.



HÚSNÆÐI SKORTIR

„Það er alveg fullt af ungu fólki að flytja hingað. En það er ekki mikið um hús, það er galli.“

Björn (S2)

HÚSIN LEIÐ FERÐAMÖNNUM Í STAÐ ÞESS AÐ STANDA TÓM

„Það hefur í gegnum tíðina verið töluvert um að fólk hafi verið að kaupa sér hús bara og eiga. Mörg þeirra húsa hafa farið undir svona túrisma af því að fólk sér náttúrulega gróða í því að láta ekki húsið sitt standa tomt heldur nýta það þegar það er ekki sjálft að nota það. Það er töluvert þannig.“

Ingibjörg (S5)

HEIMAGISTING ALGENG Í STYKKISHÓLMI

„Það hefur alltaf verið dálítið af heimagistingu hérna og mér finnst einhvern veginn þegar maður skoðar hina bæina, það er ekki svipað framboð þar þó það hafi breyst síðustu ár. Ég veit að á tímabili flykkist svolítið af ungu fólki hingað og einhverjir með engin tengsl hérna. En þau keyptu sér til að mynda hús hérna, auðvitað ódýrara en í Reykjavík og fjármögnuðu að hluta með því að leigja út frá sér. Það er erfitt að fá leiguhúsnæði hérna, bara mjög erfitt. Og mér finnst bara, ef þetta var til þess að unga fólkið gat komið hingað, fjárfest og verið í atvinnu og fjármagnað í raun kaupin sín að hluta til með einhverju svona húsnæði, bara fint sko. En svo hafa auðvitað risið deilur og leiðindi með alls konar mál.“

Elín (S4)

Heimaging skapar tekjur en veldur úlfúð í samfélaginu

Það kom skýrt fram í viðtölunum að helstu árekstrar heimamanna og ferðaþjónustu tengdust ráðstöfun fasteigna í heimgistingu og að það væri – og hefði verið um tíma – viðkvæmt mál í samfélaginu. Allir viðmælendur höfðu ýmist sjálfir reynslu af eða vissu um dæmi þess að sambúð við heimgistingu í bænum geti verið bæði flókin og erfið. Í sumum tilfellum væri fyrirkomulag vel heppnað s.s. þegar hús eru leigð út í heilu lagi eða þegar um er að ræða hús í útleigu til stéttarfélaga. Í öðrum tilfellum hafi fyrirkomulagið valdið töluverðum óþægindum. Óþægindin birtast helst í því þegar deiliskipulag gerir ekki ráð fyrir bílafjölda ferðamanna (skortur á bílastæðum), þegar nágrannar komast ekki að eigin húsum og þegar ferðamenn villast inn á heimili nágranna í leit að gististað. Verst af öllu þótti viðmælendum þegar grunur vaknar um að verið sé að fara á svig við gildandi lög og reglur um heimgistingu; um 90 daga regluna, fyrir hærri fjárhæð en kveðið er á um í lögum eða þá að það sé gistiþláss í boði fyrir fleiri en leyfi gera ráð fyrir.

EKKI ALLTAF VANDAMÁL

„Það eru engin vandamál tengdum þessum húsum sem er verið að leigja út sem heild og eru í rekstrarleyfisflokki eitt. Bara frábært, ekkert út á það að setja. Það er hitt, gistiheimilin og ef þú ert að leigja hvert herbergi í heilu húsi og kannski enginn á staðnum sem sér um það. Það er alltaf meiri pirringur yfir því. Það er algjörlega ömurlegt.“

Björn (S2)

GRÆDGIN ÞYRNIR Í AUGUM ÍBÚA

„Það er búið að vera stríð út af þessu hérna og það er svona græðgi. Þú ert með leyfi kannski fyrir 10 rúmum, svo ertu búinn að græja bílskúrinn hljóðlega og þar bætirðu þremur við og eitthvað svona. Það var talið 18 út úr einu húsinu. 18 sem hafði gistileyfi fyrir 10 manns! Þá náttúrulega verður maður pirraður, það held ég að hljóti að vera.“

Arnar (S3)

HEIMAMENN KOMAST EKKI ALLTAF AÐ

„Ég veit um eitt hús í bænum sem var endalaust verið að troða fólki inn í. Og það eru engin bílastæði neitt og það myndast pirringur í hverfinu. En svo var tekið fyrir þetta. Þau eru með leyfi fyrir 10 manns þannig að það róaði þetta aðeins en það hefur frést af því að þetta hafi verið yfirfullt sko. Þá verður mikill pirringur í hverfinu. Ekkert nema bílar, það er kannski búið að leggja í þitt stæði. Þú getur ekki lagt bílnum þínum og þetta eru þínar eignir sem þú borgar af og þá áttu að eiga rétt á þeim.“

Björn (S2)

Úrræðin íbúunum erfið en skuldinni ekki skellt á ferðamenn

Langvarandi óþægindi vegna heimgistingar leiða á endanum til pirringis, gremju og reiði sem knýr fólk til aðgerða. Flestir viðmælendur höfðu annað hvort reynt það sjálfir eða þekktu til íbúa sem hefðu reynt að spyrna við fótum en slíkt væri fólki mjög þungbært. Talað var um að úrræðin væru óaðgengileg og erfið fyrir þá sem líða fyrir starfsemina. Eftirlit með heimgistingu væri lélegt og of auðvelt væri fyrir leyfishafa að brjóta lögin. Dæmi voru um að óljóst væri hvernig útgáfu leyfa væri háttáð af hálfu bæjaryfirvalda. Flestir voru sammála um að heimgisting ætti ekki heima inni í íbúðahverfum og það myndi leysa mörg vandamál ef bæjaryfirvöld létu fastar að sér kveða gegn útgáfu leyfa þar.

LÖGREGLAN KÖLLUÐ TIL

„Nú kalla þeir bara á lögregluna og það er bara talið út úr húsinu. Það er bara harka í þessu núna.“

Arnar (S3)

ÍBÚAR GETA LÍTIÐ GERT

„Maður fer ekki í einhver slagsmál nema maður ætli alla leið. Ég veit um mál sem fór til lögreglunnar sem tíndi út 13 eða 17 manns. Ekkert nema bílar og vesen. Þetta fær bara á fólkið í nágrenninu. En fólkið gafst upp. Fengu bara upp í kok og vilja ekki fara með þetta áfram og stoppuðu. Þau bara gáfust upp og þau bara líta fram hjá þessu. Þetta er ömurlegt.“

Björn (S2)

FERÐAMÖNNUM EKKI UM AÐ KENNA

„Það má náttúrulega ekki ráðast á túristana. Það á að ráðast á þá sem eru að vingsast með þetta og ekki að gera þetta rétt. Það er hellings peningur í þessu og þú getur fyllt heilt hús hérna. Eftirlitið er mjög lélegt. En túristinn er bara flottur og ekkert annað.“

Björn (S2)

LEYFISVEITINGAR ERU VIÐKVÆMT MÁL Í LITLU SAMFÉLAGI

„Það þarf að stiga rosalega varlega til jarðar því það er svo mikil nálægð. Þetta gæti verið einhver sem þú þarft að vinna fyrir. Þú sem nágranni heimgistingar getur verið bæjarfulltrúi. Ertu þá orðinn vanhæfur? Það eru alls konar hlutir sem geta komið upp. Þetta er svo lítið samfélag. Það þekkja allir alla og það er fljótt að kvikna svona, bara held ég, eins og gerist að það kvikna einhverjar sögur, einhverjar bollalaggingar. Það þarf allavega frá hinu opinbera að vera mjög á hreinu að það sé forsenda fyrir þessari leyfisafgreiðslu eins og hún er ekki gerð hér. Menn vilja meina að það hafi ekki alltaf verið.“

Elín (S4)

EYKUR FERÐAÞJÓNUSTA BJARTSÝNI OG Hafa ÍBÚAR EITTHVAÐ UM ÞRÓUN HENNAÐ SEGJA?


Ferðaþjónusta hefur aukið bjartsýni á framtíð samfélagsins í Stykkishólmi að mati meirihluta svarenda símakönnunarinnar. Sömu sjónarmið komu fram hjá flestum viðmælendum. Tæplega 20% íbúa sögðu í símakönnun ferðaþjónustu hvorki hafa dregið úr né aukið bjartsýni. Íbúar í Stykkishólmi voru marktækt líklegri en íbúar á öðrum svæðum til að taka ekki afstöðu. Ein skýring kann að vera að bjartsýni samfélagsins tengist ekki aðeins ferðaþjónustu heldur sé ferðaþjónustan hluti af stærra samhengi blómlegs atvinnulífs sem geri framtíð samfélagsins bjartari, eins og kom fram í einu viðtali. Íbúar í bæjarfélögunum fjórum töldu sig almennt ekki hafa mikla möguleika á að taka þátt í ákvörðunum um framtíð ferðaþjónustunnar í heimabyggðinni. Stykkishólmur sker sig frá hinum bæjarfélögunum fyrir þær sakir að þar voru hlutfallslega fleiri sem sögðust hafa mjög/frekar mikla möguleika á þátttöku í framtíðarákvörðunum. Í viðtölunum kom fram að heimamenn hafi helst tækifæri til að segja sína skoðun í skipulagsmálum gegnum grenndarkynningar og við breytingar á deiliskipulagi en auk þess geti þeir komið sínum skoðunum á framfæri á samfélagsmiðlum og í bæjarblaðinu.

HEIMAMENN BJARTSÝNIR ÞÓTT SUMIR NÖLDRI

„Ég held að ferðaþjónustan hljóti að hafa aukið á bjartsýni. En sumir tuða. Það má ekki bíll keyra á 20 og þá byrjar tuðið. „Helvítis túristar“ og eitthvað svona. Það er alltaf til svoleiðis. Það má bara ekkert hlusta á það. Ég held að upp til hópa sé fólk jákvætt hérna. Ég vona það allavega.“

Arnar (S3)

Telur þú að ferðaþjónusta hafi aukið eða dregið úr bjartsýni á framtíð samfélagsins í þinni heimabyggð?



SAMFÉLAGSMIÐLAR AUBVELDA FÓLKI AÐ KOMA SKOÐUNUM SÍNUM Á FRAMFÆRI

„Svo er umhverfið bara svo breytt með samfélagsmiðlunum að fólk segir oftast óhikað: „ég er ekki sátt við þetta“. Eins og gerist bara margoft þannig að ég held að nú sé aldrei betri tími til að koma á framfæri skoðunum sínum með þessum hætti. Maður sér það alveg gerast. Það koma alveg langir kommentapræðir, inni á þessum Facebook-síðum.“

Elín (S4)

Verulegar breytingar á fjölda ferðamanna ekki fyrirsjáanlegar


Viðmælendur höfðu ekki áhyggjur af því að fjöldi ferðamanna í bænum myndi breytast mikið í náinni framtíð. Hröð tvöföldun var ekki ákjósanleg sviðsmynd þar sem hún myndi reyna verulega á grunngerð bæjarins og að auka yrði þjónusta enn frekar s.s. með stækkun/fjölgun veitingahúsa og verslana. Viðmælendur sögðu að þótt það myndi hafa afleiðingar fyrir einhver fyrirtæki í bænum ef ferðamenn hættu að koma þá væru heimamenn trúir sínu samfélagi og myndu endurreisa það í sameiningu líkt og þeir gerðu þegar skelin hrundi 2003.

FYRIRTÆKI FÆRU Í GJALDÞROT VIÐ FÆKKUN EN LÍFIÐ HELDUR ÁFRAM

„Ég held að það yrði rosalega slæmt ef ferðamönnum myndi fækka um helming. Þá færi einhver á hausinn. En ég veit ekki með þessar gistingar. Ég held að það hafi enginn skuldsett sig neitt rosalega við að græja einhvers staðar herbergi úti í skúr. Þeir eru þá löngu búnir að fá það borgað.“

Björn (S2)

Telur þú þig hafa mikla/litla möguleika á að taka þátt í ákvörðunum um framtíð ferðaþjónustunnar í heimab.?



SAMANTEKT

Um 65% þeirra 235 þúsund erlendu ferðamanna sem komu í Stykkishólm árið 2018 komu á tímabilinu maí til september sem þýðir að árstíðasveifla í komum ferðamanna er minni í Stykkishólmi en víða annars staðar. Íbúar Stykkishólms urðu oftast en íbúar hinna svæðanna varir við ferðamenn, í miðbænum sáu þeir ferðamenn alla daga og æ oftast yfir veturinn. Talað um að um að árið 2016 hafi orðið sprenging í fjölda ferðamanna í bænum sem síðan hafi aðeins dregið úr. Flestum heimamönnum fannst fjöldi ferðamanna í bænum yfirleitt hæfilegur en fundu þó mest fyrir fjöldanum á sumrin af öllum svarendum könnunarinnar. Þetta er nokkuð ólíkt því sem fram kom í viðhorfum íbúa á Vesturlandi árið 2017 þar sem fram kom að Vestlendingar urðu sjaldnar en íbúar í öðrum landshlutum varir við ferðamenn og voru líklegastir til að finnast fjöldinn of lítill. Á því geta verið skýringar. Stykkishólmur á sér langa sögu um ferðapjónustu sem spunnist hefur í kringum ferjusiglingar og gistingu og fyrir þær sakir er löng hefð fyrir komum ferðamanna í bæinn. Þá eru ótaldir innlendir ferðamenn sem að mati heimamanna hafa löngum verið áberandi í bænum.

Að mati heimamanna felst aðalaðráttarafl bæjarins í náttúrufrægurð Breiðafjarðar og gömlu húsunum í bænum sem heimamenn voru stoltir af. Þetta var í samræmi við svör ferðamanna í ferðavenjukönnun sem gerð var í Stykkishólmi sumarið 2018. Ferðamenn voru almennt ánægðir með dvölinu í bænum, einkum með fegurð og umhverfi bæjarins, gestrisni bæjarbúa og staðsetningu.

Hlutverk ferðapjónustu í fjölskrúðugu atvinnulífi bæjarins var eitt meginstefta í niðurstöðunum í Stykkishólmi en auk þess voru heimamenn ánægðir með framboð þjónustu í bænum og mannlífið. Fjölbreytt atvinnulíf var talinn vera einn af stærstu

kostum samfélagsins og væri afkoma heimamanna ekki háð afkomu einnar atvinnugreinar. Ákveðnar áhyggjur voru meðal heimamanna um að bærinn hefði mögulega staðnað sem ferðapjónustubær á sama tíma og Snæfellsnes í krafti þjóðgarðs hefði eflst sem áfangastaður. Fram kom að auðvelt væri fyrir ferðamenn að fara í dagsferð um nesið frá höfuðborgarsvæðinu og að Stykkishólmur væri raunverulega úr leið með tilliti til Snæfellsnesshringsins. Viðmælendur töldu að efla þyrfti aðdráttarafl bæjarins en til þess þyrftu fyrirtæki og sveitarfélag að taka höndum saman. Fram kom að mörg ferðapjónustufyrirtæki í bænum væru afar lítil Mikil vinna hlaðist á fáar hendur í litlu samfélagi sem geti leitt til þess að batterið klárast þrátt fyrir góðan ásetning.

Eitt einkenni Stykkishólms er að í hluta íbúaðarhúsa bæjarins er ekki föst búseta. Talað var um þau sem frístundahús í eigu utanbæjarfólks og eignir sem leigist að öllu leyti eða að hluta til ferðamanna. Auk þess eru einhverjir íbúar að skapa sér tekjur með því að bjóða upp á heimagistinguenn. Í viðtölunum kom fram að mikil aukning hefði orðið á slíkri gistingu fyrir ferðamenn. Í ferðavenjukönnuninni kom fram 22% svarenda hefði verið í einkagistingu í Stykkishólmi s.s. Airbnb. Í sumum tilfellum var slík ráðstöfun samfélagslega samþykkt, s.s. í tilfellum útleigu húsa til stéttarféлага og þegar hús eru leigð í heilu lagi til ferðamanna. Það kom hins vegar skýrt fram að helstu árekstrar heimamanna og ferðapjónustu tengdust ráðstöfun fasteigna með þessum hætti og að um viðkvæmt mál væri að ræða. Auk þess höfðu erfið mál um heimagistingu á lagalega gráu svæði valdið úlfúð í samfélaginu og haft neikvæð áhrif á búsetuskilyrði og lífsgæði íbúa. Kallað var eftir enn skýrari úrræðum fyrir heimamenn og auknu eftirliti af hálfu hins opinbera og í útgáfu leyfa.

UMRÆÐUR OG LOKAORÐ – ALLIR STAÐIR

Í þessari rannsókn hafa viðhorf íbúa til ferðamanna og ferðaþjónustu í fjórum ólíkum bæjarfélögum verið til skoðunar. Öll eiga bæjarfélögin það sameiginlegt að vera áfanga- og viðkomustaðir erlendra ferðamanna sem ferðast um landið. Kannaðar voru bæði sértækar og staðbundnar áskoranir sem fylgja uppbyggingu ferðaþjónustu og móttöku ferðamanna á þessum stöðum og hafa nýjar vísendingar bæst við um viðhorf heimamanna og aðrar festar betur í sessi. Í þessum lokakafli, sem er eins í öllum samantektunum fjórum, er horft á niðurstöður rannsóknarinnar í bæjarfélögum fjórum í heild með tilliti til hvað var svæðunum sameiginlegt og hvað var ólíkt.

Áhrif ferðamennsku alls staðar mikil en áherslur ólíkar

Nokkur sameiginleg stef komu fram sem staðfesta að ferðamennskan hefur mikil áhrif á samfélag heimamanna. Auk þess komu fram ólíkar áherslur í viðhorfum sem renna stöðum undir þær kenningar ferðamálafræðinnar um að áhrif ferðamennsku séu nátengd staðbundnum einkennum hvers staðar. Fyrir utan séreinkenni ferðamenskunnar, sem tengist aðráttarafl og þjónustu á hverju svæði fyrir sig, reyndist ein skýrasta birtingarmynd þessa í rannsókninni tengjast atvinnuþróun, sögu og samsetningu hvers bæjarfélags sem hefur haft mótandi áhrif á samfélagið. Þessi munur kom vel í ljós þegar heimamenn voru spurðir um hver þeim þættu mestu áhrif ferðamenskunnar vera í eigin samfélagi. Húsvíkingum fannst mestu áhrifin felast í fjölbreytileika mannlífsins og þjónustunni sem hafi gert bæinn líflegri. Í Reykjanesbæ voru auknar tekjur heimamanna efst á blaði og á Egilsstöðum var það betri þjónusta. Í Stykkishólmi voru áhrifin sýnilegust í hækkandi fasteignaverði þar sem eftirspurn væri meiri en framboð.

Íbúar bæjarfélaganna voru nokkuð sammála um mikilvægi greinarinnar fyrir samfélagið. Heilt yfir var jákvæðni heimamanna nokkuð afgerandi og voru flestir þeirrar skoðunar að ferðamennska hefði bæði bætt lífsgæði og lífskjör í samfélaginu. Einhugur var um efnahagslegt mikilvægi atvinnugreinarinnar fyrir samfélögin og að ferðaþjónusta hafi bæði verið atvinnuskapandi og ýtt undir fjölbreytni í atvinnulífi. Á öllum stöðum hafði þjónustustig haldist hátt að mati heimamanna. Á minni stöðunum horfðu íbúar til ferðaþjónustunnar sem

áhrifavalds í því að þjónustustigið hafi að ekki lækkað þrátt fyrir aðrar samfélagsbreytingar á borð við breytingar í atvinnuháttum eða neikvæða þróun íbúafjölda. Þetta sást vel á Húsavík þar sem samfélagið hefur um langt skeið barist við langvarandi íbúafækkun og samdrátt í sjávarútvegi og kjötvinnslu. Ráðist var í iðnaðaruppbyggingu á Bakka sem ásamt ferðaþjónustu virðist hafa snúið neikvæðri þróun við. Hvalaskoðunin hófst á árunum upp úr 1990 og þróaðist smám saman yfir í að verða eitt stærsta aðráttarafl landsins fyrir ferðamenn. Í rannsókninni kom fram að hvalaskoðunin hafi að mati heimamanna reynst samfélaginu mikilvæg fyrir að halda þjónustu á svæðinu þar sem hún dregur til sín mikinn fjölda ferðamanna. Á Egilsstöðum var ánægja heimamanna með þjónustustig sem rauður þráður í gegnum rannsóknina. Þjónustan þar tengist hlutverki bæjarins sem þjónustumiðstöðvar fyrir landsfjórðunginn og fyrir þá umferð sem þar fer í gegn. Egilsstaðabúar sáu hátt þjónustustig sem samnefnara fyrir helstu styrkleika ferðaþjónustunnar og fyrir eigin búsetuskilyrði og lífsgæði. Þar kom fram að samfélag heimamanna hefði opnast samhliða auknu framboði á þjónustu. Í Stykkishólmi varð hluti samfélagsins, sem hafði byggt afkomuna á hörpuskelveiðum, fyrir áfalli þegar stofninn hrundi og fjöldi fólks missti lífsviðurværið. Í rannsókninni kom fram að áföll í atvinnulífi hefðu knúið íbúa til nýsköpunar. Heimamenn litu á fjölbreytni í atvinnulífinu, sem ferðaþjónustan var hluti af, sem einn af stærstu kostum samfélagsins og væri afkoma heimamanna ekki háð afkomu einnar atvinnugreinar. Í Reykjanesbæ var efnahagslegt mikilvægi ferðaþjónustu mjög áberandi í öllum niðurstöðum rannsóknarinnar. Keflavíkurlugvöllur er í huga íbúa Reykjanesbæjar lífæð atvinnulífsins og töldu menn að það væru ekki mörg bæjarfélög á landinu þar sem jafn margir íbúar hefðu ferðaþjónustu að atvinnu á ársgrundvelli. Að mati heimamanna eru bein tengsl milli fjölgunar ferðamanna til landsins, fjölgunar starfa á Keflavíkurlugvelli og íbúafjölgunar í Reykjanesbæ.

Í öllum bæjarfélögum kom fram að auðvelt væri að fá vinnu í ferðaþjónustu og að alltaf vantaði fólk í vinnu í greininni. Einnig kom fram að meirihluti íbúa á öllum stöðum taldi ferðaþjónustu ekki taka til sín starfsfólk frá öðrum atvinnugreinum. Þetta bendir til þess að ferðaþjónusta hafi ekki haft ruðningsáhrif á aðrar

atvinnugreinar á þessum svæðum. Á öllum stöðunum töldu heimamenn að mörg störf í ferðaþjónustu væru mönnum með aðfluttum einstaklingum sem komi til starfa í lengri eða skemmri tíma. Á Húsavík, Stykkishólmi og á Egilsstöðum var atvinnuástand almennt gott að mati heimamanna og af þeim sökum hefðu íbúar ekki sótt í störf þar sem næga aðra vinnu væri að hafa. Á Húsavík og í Stykkishólmi sáu heimamenn starfstækifæri í ferðaþjónustu fyrir ungt fólk sem er að feta sín fyrstu spor á vinnumarkaði. Þessi hópur hafi auðveldlega geta fengið meiri vinnu en hann geti ráðið við, sérstaklega þegar um mjög unga krakka væri að ræða. Foreldrar á þessum stöðum bentu á að dæmi séu um að þátttaka unglinga í íþróttum og tómstundum hafi orðið að vika fyrir vöktum og höfðu af því vissar áhyggjur. Íbúar í Reykjanesbæ töldu að mjög margir íbúar störfuðu við ferðaþjónustu og að þau störf væru eins fjölbreytt og þau væru mörg, einkum störfin á Keflavíkurflugvelli.

Upplifun af ferðamönnum

Áætlað er að árið 2018 hafi fjöldi erlendra ferðamanna í Reykjanesbæ verið 568 þúsund, 343 þúsund á Egilsstöðum, 317 þúsund á Húsavík og 235 þúsund í Stykkishólmi. Á Egilsstöðum og Húsavík var mesta árstíðasveiflan í komum ferðamanna. Um 80% allra ferðamanna sem komu í bæina árið 2018 komu á tímabilinu maí – september og var hlutfallið 65% í Stykkishólmi og um 50% í Reykjanesbæ. Þónokkur munur var á því hvernig íbúar svæðanna fjögurra skynjuðu fjölda ferðamanna á hverjum stað og hve oft íbúar tóku eftir ferðamönnum. Í Stykkishólmi sáu ferðamenn í bænum nær alla daga á sumrin og sífellt oftar á veturna. Húsvíkingar og Egilsstaðabúar upplifðu árstíðarssveiflu í fjölda ferðamanna og fannst fjöldinn vera hæfilegur á sumrin en of fáir á veturna. Í Reykjanesbæ, þar sem fjöldinn var mestur og árstíðasveiflan minnst, þótti flestum íbúum fjöldinn vera hæfilegur bæði sumar og vetur. Athygli vakti að íbúar Reykjanesbæjar tóku síður en íbúar í hinum bæjarfélögunum eftir ferðamönnum í bænum og kom skýrt fram að ferðamenn skáru sig ekki úr í bænum þótt þeir kunni að vera margir. Um 22-23% svarenda á Húsavík, Egilsstöðum og í Reykjanesbæ og um 30% í Stykkishólmi sögðu að ferðamenn væru of margir á sumrin. Þessi hlutföll ríma við það sem sást í landskönnun árið 2017.

Á öllum fjórum stöðunum kom fram að heimamönnum líkaði almennt vel við ferðamenn og að eiga í samskiptum við þá. Í símakönnun kom fram að á öllum

stöðum voru íbúar fúsir til að veita ferðamönnum upplýsingar til að bæta upplifun þeirra. Mikill munur var milli bæjarfélaga hversu mikil samskipti heimamenn vildu eiga við ferðamenn en eðli málsins samkvæmt er slíkt persónubundið. Bent var á að auðvelt væri að komast hjá samskiptum við ferðamenn ef menn vildu en svo væru aðrir sem heilsuðu alltaf öllum á förnun vegi.

Ónáði vegna ferðamanna hafði almennt ekki aukist á svæðunum en fram kom að í staðbundnum aðstæðum geti reynt á þolinmæði íbúa. Á Húsavík komu fram dæmi um óþægilegar aðstæður og umferðaröngþveiti í miðbæ. Í Stykkishólmi töluðu heimamenn um heimagistingu og að ferðamenn fari töluvert hægar um í bænum en heimamenn og það geti reynt á þolinmæðina. Á Egilsstöðum var vísað til svokallaðra ferjudaga þegar bærinn fyllist af bílum og fólki stuttu eftir að ferjan Norræna kemur til Seyðisfjarðar. Í Reykjanesbæ, þar sem ónáði reyndist vera langminnst, var vísað til vaxandi hættu samhliða aukinni umferð á Reykjanesbraut allt frá flugstöðinni. Á öllum stöðum voru dæmi um pirring eða óánægju sem rekja mátti til ferðamennsku s.s. í tengslum við þær staðbundnu aðstæður koma fram hér að ofan. Athygli vakti að heimamenn tóku afdráttarlaust fram að óánægja og pirringur sem heimamenn upplifðu snéri ekki að ferðamönnum og væri ekki þeim að kenna, ekki einu sinni þegar ferðamenn fóru eftir óskrifuðum leikreglum samfélagsins. Að mati heimamanna lá sökin hjá skipulags- og eftirlitsaðilum, ferðaþjónustufyrirtækjum, verslunum, og sveitarfélögum sem þurfi að undirbúa svæðin betur til að báðir hópar – íbúar og ferðamenn – geti notið gæðanna og umgengist bæjarrýmin á jöfnum grundvelli. Að mati heimamanna þurfi til þessa nýjar lausnir s.s. betra gatnaskipulag, betra eftirlit með heimagistingu og betri upplýsingagjöf til ferðamanna um hvað megi og hvað ekki.

Jákvæðustu og neikvæðustu hliðar ferðaþjónustunnar tengd lífsgæðum íbúa og innviðum

Jákvæð áhrif ferðaþjónustunnar lutu öll að því að bæta samfélag og lífskjör heimamanna. Á yfirborðinu virðast þessar jákvæðu hliðar vera svipaðar alls staðar en samhengi þeirra er bundið hverjum stað fyrir sig og fær fyrst þá þýðingu. Á Húsavík voru aukið mannlíf, atvinnusköpun og fjölbreytileiki tiltekin sem jákvæð áhrif ferðaþjónustunnar. Þar höfðu hvalaskoðunarfyrirtækin margþætta þýðingu fyrir samfélagið og voru íbúar á því að áhrifin væru jafnvel enn meiri en menn gerðu sér grein fyrir. Einkum var mönnum tíðrætt um hátt þjónustustig þrátt fyrir

íbúafækkun. Í Stykkishólmi lögðu menn áherslu á fjölbreyttara mannlíf og aukna atvinnu enda var hrun í hörpuskelfiskveiðum og afleiðingar þess fólki ofarlega í huga. Í Reykjanesbæ var aukin atvinna, atvinnusköpun og auknar tekjur efst á blaði. Samfélagið þar hefur glímt við erfiðar áskoranir í atvinnulífi auk hraðrar íbúafjölgunar og lék enginn vafi á þýðingu ferðaþjónustu fyrir atvinnulífið. Á Egilsstöðum var hátt þjónustustig samnefnari fyrir helstu styrkleika ferðamenskunnar í bænum og fyrir búsetuskilyrði og lífsgæði heimamanna.

Neikvæðar afleiðingar ferðaþjónustunnar voru einnig áþekkar milli staða en þó ákveðinn staðbundinn munur. Á Húsavík voru það umferð, umgengni ferðamanna og aðstæður sem skertu lífsgæði íbúa. Í svörum Húsvíkinga var vísað til aðstæðna þar sem þeir voru jaðarsettir og komust ekki að s.s. lengri biðtími í umferð og matvöruverslun og húsnæðismál. Húsvíkingar einblíndu jafnframt á skipulagsmál í bænum þar sem stjórnvöld voru gagnrýnd fyrir að standa ekki undir væntingum heimamanna um móttöku ferðamanna. Í Stykkishólmi var átroðningur, umferðarþungi og Airbnb neikvæðustu þættirnir í huga íbúa. Var þar vísað til skerðingar á lífsgæðum og aðstæðna þar sem íbúar komast ekki að í sínu daglega umhverfi – langoftast tengt útleigu á húsnæði til ferðamanna og erfiðleikum á fasteignamarkaði. Í Reykjanesbæ tengdust neikvæðustu hliðarnar umferð, umferðarþunga og skorti á tjaldstæði fyrir ferðamenn. Vísað var til mikillar umferðar á Reykjanesbraut og skorts/umbótum á innviðum, þ.m.t. á vegakerfi og aðstöðu fyrir ferðamenn. Þar voru stjórnvöld gagnrýnd fyrir að standa sig ekki í að bjóða ferðamönnum viðunandi aðstöðu um landið. Á Egilsstöðum voru umferð, sóðaskapur og umferðarmening neikvæðust. Vísaði það til skerðingar á lífsgæðum sem oftast tengdist tilfinningu um umferðaröryggi og aðstæðum þar sem íbúar voru jaðarsettir s.s. tómar hillur verslana og Airbnb.

Á öllum stöðunum kom fram að ferðaþjónusta hefði haft neikvæð áhrif á leigumarkað. Alls staðar, einkum þó á smærri stöðunum þremur, höfðu íbúar fundið tengsl milli erfiðleika á húsnæðismarkaði og skammtímaleigu húsnæðis til ferðamanna, sem oft er talað um sem heimgistingu eða Airbnb. Af niðurstöðunum að dæma litu heimamenn á heimgistingu bæði sem bölg og blessun fyrir samfélögin. Horft var til heimgistingar sem verðmæts tækifæris fyrir einstaklinga til tekjuöflunar sem renndi styrkari stöðum undir búsetuskilyrði í bæjarfélögunum, bætti lífskjör einstaklinga og lífsgæði. Samtímis hafði heimgisting takmarkað

framboð á fasteigna- og leigumarkaði og þannig haft neikvæð áhrif á tækifæri einstaklinga annarra en ferðamanna til fastrar búsetu til lengri eða skemmri tíma – sem fyrir vikið þrengir að búsetuskilyrðunum og íbúapróun samfélagsins. Á sumum stöðum höfðu jafnframt vaknað spurningar meðal íbúa um hvað sé leyfilegt í tengslum við heimgistingu. Fram komu frásagnir af óvissu um regluramma og leyfismál og að úrræði íbúa, sem upplifðu sig aðþrengda vegna fyrirkomulags heimgistingar, hefðu verið óljós og óaðgengileg. Samkvæmt kenningum ferðamálafræðinnar er mikilvægt að hafa heimamenn með í ráðum þegar kemur að uppbyggingu og þróun ferðaþjónustu og að velvilji þeirra sé mikilvægur liður í sjálfbærri þróun greinarinnar. Í öllum bæjarfélögunum reyndist vera ríkur velvilji til áframhaldandi uppbyggingar ferðamennsku. Aftur á móti var ljóst að í sumum málum eins og heimgistingu gat það verið flókið fyrir íbúa að finna réttan farveg fyrir athugasemdir sínar.

NÍÐURSTÖÐUR SÍMAKÖNNUNAR Í STYKKISHÓLMI— TÍÐNITÖFLUR OG BAKGRUNNSGREINING

Tafla 1 Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á sumrin? - Tíðnitafla

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Allt of mikill	18	6,7%	6,7%
Heldur of mikill	62	23,0%	23,0%
Hæfilegur	172	63,9%	63,9%
Heldur of lítil	14	5,2%	5,2%
Allt of lítil	3	1,1%	1,1%
Gild svör	269	100,0%	100,0%
Gildir svarendur	269	100,0%	
Veit ekki	0	0,0%	
Svöruðu ekki	0	0,0%	
Heildarfjöldi	269	100,0%	

Tafla 2 Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á sumrin? - Bakgrunnsgreining

		Allt of mikill (5)	Heldur of mikill (4)	Hæfilegur (3)	Heldur of lítil (2)	Allt of lítil (1)	Fjöldi	Meðaltal
		%	%	%	%	%	N	
	Fjöldi	7,4%	23,6%	63,1%	4,7%	1,1%	269	3,3
Kyn*	Karl	6,7%	19,4%	65,0%	6,8%	2,1%	144	3,2
	Kona	8,3%	28,5%	61,0%	2,2%	0,0%	125	3,4
Aldur**	18 - 29 ára	18,2%	27,3%	54,5%	0,0%	0,0%	40	3,6
	30 - 44 ára	5,0%	31,7%	58,3%	1,7%	3,3%	64	3,3
	45 - 59 ára	8,6%	23,5%	60,5%	7,4%	0,0%	69	3,3
	60 ára og eldri	3,8%	17,0%	71,7%	6,6%	0,9%	97	3,2
Menntun	Grunnskólanám eða minna	12,4%	18,2%	66,2%	3,1%	0,0%	58	3,4
	Stúdentspróf eða iðnnám	5,7%	27,2%	61,8%	4,3%	1,0%	107	3,3
	Annað starfsnám	8,9%	36,0%	46,1%	8,9%	0,0%	10	3,4
	Háskólapróf	6,5%	22,8%	63,8%	5,9%	1,0%	89	3,3
Lengd búsetu á svæðinu	5 ár eða skemur	0,0%	35,8%	60,8%	3,4%	0,0%	52	3,3
	6-10 ár	18,5%	12,7%	61,9%	0,0%	6,9%	15	3,4
	11-20 ár	0,0%	44,6%	51,6%	3,9%	0,0%	28	3,4
	21-30 ár	19,7%	19,2%	56,6%	2,2%	2,2%	41	3,5
	Lengur en 30 ár	7,0%	17,6%	67,9%	6,7%	0,8%	131	3,2
Staða á vinnumarkaði***	Í launuðu starfi	7,0%	32,9%	56,5%	3,0%	0,6%	147	3,4
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	8,2%	12,7%	61,4%	12,7%	5,0%	43	3,1
	Í námi	25,0%	50,0%	25,0%	0,0%	0,0%	7	4,0
	Á eftirlaunum	5,0%	10,0%	80,0%	5,0%	0,0%	55	3,2
	Annað	11,8%	5,7%	82,5%	0,0%	0,0%	15	3,3
Starfar þú við ferðaþjónustu?	Já	11,1%	14,9%	65,9%	8,1%	0,0%	57	3,3
	Nei	6,6%	26,3%	61,9%	3,8%	1,4%	210	3,3
Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðaþjónustu?	Já	3,0%	24,3%	68,2%	3,6%	0,9%	118	3,2
	Nei	9,6%	31,0%	54,1%	4,3%	1,1%	85	3,4

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Tafla 3 Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á veturna? - Tíðnitafla

	Fjöldi		
	svarenda	% svarenda	% svara
Allt of mikill	5	1,9%	1,9%
Heldur of mikill	11	4,1%	4,1%
